# FUNDARHÚS OG SKÓLAR Í SVEITUM LANDSINS








## Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar

## Áfangaskýrsla fyrir Húsafriðunarnefnd, desember 2010

GLÁMA·KÍM

# FUNDARHÚS OG SKÓLAR Í SVEITUM LANDSINS

Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar

## EFNISYFIRLIT


FUNDARHÚS OG SKÓLAR Í SVEITUM LANDSINS ..... 2

Inngangur ..... 2

Aðdragandi og skilgreining verkefnis ..... 2

Vinnuferli ..... 3

Ákvörðun úrtaks ..... 3

II. SÖGULEGUR BAKGRUNNUR ..... 4

Samkomuhús ungmennafélaga ..... 4

Fræðslulögin 1907 ..... 5

Lög um félagsheimili 1947 ..... 7

III. BYGGINGARLIST OG EINKENNI ..... 8

Skóla- og fundarhús af elstu gerð / 1900–1920 ..... 8

Skólahús Rögnvalds Á. Ólafssonar og Einars Erlendssonar / 1910–1920 ..... 8

Skólahús Guðjóns Samúelssonar 1920–1940 ..... 12

Verk eftir aðra húsameistara og óþekkta höfunda ..... 13

IV. NIÐURSTAÐA ..... 14

Almennt mat á varðveislugildi ..... 14

SKRÁ YFIR FUNDARHÚS OG SKÓLA eftir landshlutum

Frá Seltjarnarnesi réttsælis umhverfis landið ..... 16

SKRÁ YFIR SKÓLAHÚSATEIKNINGAR Rögnvalds Ólafssonar og Einars Erlendssonar 1910–1920 ..... 120

TEIKNINGAR

Valdar skólateikningar frá Þjóðskjalasafni Íslands ..... 122

HEIMILDIR

Skrár yfir ritaðar heimildir og heimildarmenn ..... 138

# FUNDARHÚS OG SKÓLAR Í SVEITUM LANDSINS

Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar

## Inngangur

Á árunum 1990–1997 vann teiknistofan Gláma-Kím arkitektar ehf. að hönnun og áætlanagerð í tengslum við endurbyggingu fundarhúss Lónsmanna í Austur-Skaftafellssýslu. Um var að ræða mikilsvert framtak heimamanna sem vakti athygli og hafði mikið gildi fyrir menningarsögu héraðsins.

Í framhaldi af fundarhússverkefninu kviknaði sú hugmynd að áhugavert væri að kanna hvað varðveist hefur af hliðstæðum byggingum í öðrum héruðum landsins. Auk fundar- og samkomuhúsa er hér átt við skólabyggingar sem risu í sveitum landsins í kjölfar setningar fyrstu fræðslulaganna árið 1907. Mörg þessara húsa voru teiknuð af merkum frumherjum í íslenskri byggingarlist: Rögnvaldi Á. Ólafssyni, Einari Erlendssyni og Guðjóni Samúelssyni.

Gömul fundarhús og skólar eiga sammerkt með eldri kirkjubyggingum að hafa einstakt menningarsögulegt og tilfinningalegt gildi fyrir viðkomandi byggðir og þá sem þeim tengjast. Húsin voru miðstöðvar félagsstarfs og menningarlífs á fyrri hluta 20. aldar. Þar áttu eldri kynslóðir sínar gleðistundir og margar dýrmætar minningar tengjast því sem þar fór fram. Mörg þessara húsa eru nú horfin, nokkur hafa gengið í endurnýjun lífdaga en önnur standa í vanhirðu og bíða örlaga sinna.

Starf að húsakönnunum hér á landi hefur hingað til að miklu leyti beinst að einstökum þéttbýlisstöðum fremur en flokkum bygginga. Undantekningar eru kirkjur og vitar, þar sem fyrir liggur yfirgripsmikil heildarúttekt. Hliðstætt yfirlit er ekki að finna um aðrar gerðir opinberra bygginga, svo sem skólahús, sundlaugar, félagsheimili, sjúkrahús og embættisbústaði. Góð yfirsýn er nauðsynleg þegar ákvarðanir eru teknar um framtíð slíkra bygginga. Þannig getur fágætisgildi á landsvísu vegið þungt sem rök fyrir varðveislu húss sem dæmt hefur verið til niðurrifs vegna tæknilegs ástands eða bágrar stöðu í umhverfi.

## Aðdragandi og skilgreining verkefnis

Árið 2009 hlaut teiknistofan Gláma-Kím arkitektar ehf. 1.500.000 kr. styrk úr Húsafriðunarsjóði til að vinna könnun á fundarhúsum og skólum í sveitum landsins. Könnunin var unnin samkvæmt þeim verklagsreglum sem lýst er í leiðbeiningarriti Húsafriðunarnefndar um húsakannanir og í samráði við forstöðumann Húsafriðunarnefndar, Nikulás Úlfar Másson. Verkefnisstóri var Árni Kjartansson arkitekt (AK). Pétur H. Ármannsson arkitekt (PHA) sá um

gerð File-Maker gagnagrunns og hafði yfirumsjón með heimildasöfnun, skráningu og úrvinnslu, auk þess að rita inngangstexta og heimildaskrá. Auk þeirra Árna og Péturs tóku eftirtaldir arkitektar, starfsmenn teiknistofunnar, þátt í öflun myndefnis og heimilda um einstök hús: Bæring Bjarnar Jónsson (BBJ), Jóhannes Þórðarson (JÞ), Kjartan Árnason (KÁ), Ólafur Mathiesen (ÓM), Sigbjörn Kjartansson (SK), Sigurður Halldórsson (SH) og Silja Traustadóttir (ST). Áfangaskýrslu með upplýsingum úr gagnagrunni var skilað til Húsafriðunarnefndar í desember 2009. Árið 2010 hlaut verkefnið 300.000 kr. viðbótarstyrk úr Húsafriðunarsjóði til úrvinnslu, frágangs og prentunar skýrslunnar í endanlegri mynd, sem hér gefur að líta.

### Vinnuferli

Fyrsti áfangi verkefnisins fólst í öflun grunnheimilda úr bókum, skjölum og af teikningum. Á grunni þeirra heimilda var unninn listi til ákvörðunar úrtaks til frekari skráningar. Af mikilvægum heimildum ber sérstaklega að nefna gögn úr teikningasafni embættis húsameistara ríksins og skýrslur um skólahús og önnur óprentuð gögn frá Fræðslumálaskrifstofu. Bæði þessi söfn eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Ennfremur B.A. ritgerð Jóns M. Ívarssonar í sagnfræði við Háskóla Íslands: *Spor Ungmennafélaga: Samkomuhús og félagsheimili* (2006), sem og bók sama höfundar: *Vormenn Íslands: Saga UMFÍ í 100 ár* (2007). Þá var upplýsinga um einstök hús aflað í byggða- og héraðssöguritum sem tilgreind eru í heimildaskrá.

Á grunni bráðabirgðalista yfir skóla- og fundarhús voru skipulagðar vettvangsferðir sumarið 2009 til að afla mynda og heimilda og meta ástand einstakra húsa. Starfsmenn Glámu-Kím arkitekta ehf. tóku að sér að kanna ólíka landshluta í tengslum við önnur ferðalög og sumarleyfi. Með því móti tókst að halda ferða- og dvalarkostnaði í sögulegu lágmarki. Í mörgun tilvikum var ekki vitað fyrirfram hvort þau hús sem vísbendingar voru um væru enn uppistandandi. Kom hið rétta oft ekki í ljós fyrr en komið var á staðinn.

Gagnasöfnun vegna verkefnisins var langt komin síðla hausts 2009. Var þá unnið að skráningu upplýsinga í gagnagrunn. Það efni var prentað út í formi áfangaskýrslu í desember 2009. Í seinni áfanga vinnunnar hefur verið fyllt í ýmsar eyður og unnið að ritun lokaskýrslu, þar sem upplýsingum er safnað saman og mat lagt á menningarsögulegt og listrænt gildi þeirra húsa sem varðveist hafa.

### Ákvörðun úrtaks

Könnunin tekur til húsa sem byggð voru til kennslu og samkomuhalds í sveitum landsins á tímabilinu frá 1907 til áramóta 1948. Einungis voru skráð þau hús sem eru uppistandandi. Tímamörk úrtaksins miðuðust annars vegar við setningu fræðslulaga og stofnun Landssamtaka Ungmennafélaga á Íslandi (UMFÍ) árið 1907 og hins vegar við samþykkt laga um Félagsheimilasjóð sem tóku gildi í byrjun árs 1948. Við nánari skoðun var ákveðið að telja með þau fáu skóla- og fundarhús í dreifbýli sem reist voru fyrir 1907. Með í úrtakinu er fyrsta byggingin sem reist var með tilstyrk félagsheimilasjóðs, Félagsgarður í Kjós, árið 1945.

Úrtakið miðast við skóla- og fundarhús sem stóðu utan þéttbýlis á þeim tíma er þau voru reist. Höfundum er ljóst að mörkin á milli dreifbýlis og minnstu þéttbýlisstaða eru ekki alveg skýr í skýrslunni eins og hún stendur. Nokkur dæmi eru tilgreind sem liggja nálægt þessum mörkum, svo sem samkomuhúsið í Súðavík og skólahús í Bolungarvík, Hólmavík, Borgarnesi og Grenivík. Verðugt áframhald þessa verkefnis væri að gera sambærilega úttekt á skóla- og samkomuhúsum í kaupstöðum og þorpum á sama tímabili. Um nokkur slík hús hefur verið fjallað í húsakönnunum þéttbýlisstaða. Má þar nefna barnaskólann á Hólmavík, sem byggður var eftir teikningu Rögnvalds Á. Ólafssonar.

## II. SÖGULEGUR BAKGRUNNUR

### Samkomuhús ungmennafélaga

Á fyrstu áratugum 20. aldar reis fjöldi fundar- og samkomuhúsa í flestum byggðum landsins fyrir tilstilli ungmennafélaganna. Fyrsta ungmennafélagið, Ungmennafélag Akureyrar, var stofnað í ársbyrjun 1906. Ári síðar, 1907, voru landssamtök ungmennafélaganna á Íslandi, UMFÍ, stofnuð á Þingvöllum undir kjörorðinu *Ræktun lýðs og lands.* Eitt af fyrstu baráttumálum samtakanna var að bæta aðstæður til félagsstarfs til sveita, þar sem óvíða var húsnæði til samkomu- og fundarhalds. Þrátt fyrir lítil efni réðust mörg félög í að reisa sér samkomuhús stuttu eftir að þau voru stofnuð. Skipti sköpum að félagsmenn voru reiðubúnir að vinna að byggingu þeirra í sjálfboðavinnu.

Ungmennafélag Reykdæla í Borgarfirði varð fyrst ungmennafélaga til að reisa sér hús árið 1908. Húsið var 44 fm að grunnfleti, byggt úr steinsteypu. Hlaut það nafnið Logaland.[1] Í tímans rás hefur verið byggt við það fjórum sinnum og utan frá séð er fátt sem gefur vísbendingu um útlit og gerð hins upphaflega húss. Fyrstu ungmennafélagshúsin voru flest lítil og af vanefnum gerð. Í riti Jóns M. Ívarssonar um sögu ungmennafélaganna kemur fram að á árabilinu 1909–1945 hafi ungmennafélög reist ekki færri en 168 samkomuhús. Af þeim er nú um helmingur horfinn eða í niðurníðslu, alls 90 hús.

> *„Fjögur hús eru enn í notkun sem samkomuhús óbreytt frá upphafi. Af þeim 74 húsum sem ótalin eru hafa 58 verið stækkuð og endurbætt og 28 þeirra gegna þannig sínu upphaflega hlutverki. Hin 46 hafa verið tekin til annarra nota og hlutverkin eru mörg.“*[2]

---

[1] *Jón M. Ívarsson. Vormenn Íslands: Saga UMFÍ í 100 ár, bls. 70–71.*

[2] *Sama heimild, bls. 72–73.*

Jón M. Ívarsson lýsir hinu dæmigerða fundarhúsi svo: Hið dæmigerða samkomuhús á fyrra helmingi 20. aldar var lítið einlyft hús, ýmist járnvarið timburhús eða steinsteypt. Það var óeinangrað en klætt að innan með panelklæðningu. Í því var tiltölulega stór salur neð hvelfdu lofti og oftast var leiksvið. Á ýmsu valt hvort þar væru salerni og alloft virðist þau hafa vantað.

> *„Húsin voru ekki upphituð að staðaldri og lágu undir skemmdum sökum raka og slaga. Stundum var kolaofn til upphitunar og á örfáum stöðum var heitu vatni til að dreifa.“*[3]

Jón M. Ívarsson telur að frumkvæði og framtak ungmennafélaga hafi mestu ráðið um að svo mörg fundarhús urðu að veruleika, þó svo sveitarstjórnir og önnur félög hafi lagt byggingu þeirra lið. Athugun hans á eignarhaldi húsanna leiðir í ljós að helmingur félaganna, 76 af 156, átti hús sín að öllu leyti í upphafi, 48 áttu helming eða meira og 25 áttu þriðjung eða minna.[4]

## Fræðslulögin 1907

Setning laga um almenna fræðsluskyldu árið 1907 markaði tímamót í menntunarmálum þjóðarinnar. Með þeim var börnum tryggð fjögurra ára ókeypis skólaganga, eftir atvikum í heimangönguskóla eða farskóla. Um var að ræða tvenns konar fræðsluform, skólahéruð með fasta skóla og fræðsluhéruð, þar sem ekki var formlegt skólahald. Var síðarnefnda lausnin sniðið að aðstæðum í fámennari dreifbýlishreppum. Hvert byggðarlag gat ákveðið hvor leiðin var farin og hvaða lausn var fundin á húsnæðisþörfum skólastarfsins. Yfirstjórn og eftirlit með skyldunámi var í höndum stjórnarráðsins. Fyrsti fræðslumálastjórinn, Jón Þórarinsson, var skipaður árið 1908. Fræðslunefndir voru kjörnar í hverju héraði. Skólanefndir í einstökum byggðum voru skipaðar fulltrúum kjörnum af bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Í lögunum var kveðið á um opinberan styrk til byggingar skólahúsa fyrir allt að þriðjungi kostnaðar. Við endurskoðun fræðslulaga árið 1926 var þetta hlutfall hækkað í 50%.[5]

Margir þéttbýlisstaðir landsins reistu sín fyrstu skólahús á fyrstu árum 20. aldar. Skólahús tóku einnig að rísa í dreifbýli. Þróunin þar var nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Farskólar voru til dæmis ríkjandi á Austur- og Suðausturlandi. Vestur-Skaftfellingar voru í fararbroddi í byggingu skólahúsa í hverju byggðarlagi. Urðu Mýrdælingar fyrstir til að reisa nægilega mörg skólahús til að útrýma farkennslu. Árið 1911 höfðu verið byggð fimm skólahús, hið stærsta í kauptúninu Vík, steinhús teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni (nú horfið). Hörglandshreppur fylgdi í kjölfarið, þar var fjarkennslu hætt um 1910.[6]

---

[3] *Sama heimild, bls. 73.*

[4] *Sama heimild, bls. 73.*

[5] *Loftur Guttormsson.* Almenningsfræðsla á Íslandi I*, bls 82–87.*

[6] *Sama heimild, bls 120.*

Frá árinu 1905 er skýrsla um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903-4, unnin af Guðmundi Finnbogasyni. Þar er m.a. skýrsla um barnaskólahús á Íslandi 1903-4, með upplýsingum um byggingarár, helstu stærðir, loftræstingu, upphitun, dagsbirtu og byggingarefni, auk þess sem ástandi þeirra er stuttlega lýst. Guðmundur getur þess að mörg skólahúsa hafi ekki verið ætluð til skólahalds heldur til fundarhalda eða íbúðar. Eins hafi skort allar leiðbeiningar um hvernig skólahús eigi að vera, þó á seinni árum hafi í stærstu kaupstöðum risið skólahús sem eru *myndarleg og gerð af skynsamlegu viti*.[7]

Hin fyrstu skólahús sem reist voru í sveitum í kjölfar fræðslulaganna voru flest smá og ófullkomin að mati Jóns Þórarinssonar fræðslumálastjóra. Oftast aðeins ein kennslustofa með lítilli forstofu.[8] Oft þjónuðu húsin fjölþættu hlutverki sem skóli, þinghús og/eða félagsheimili og aðsetur lestrarfélags.

Víðast til sveita voru aðstæður þannig að ómögulegt var að staðsetja skólahús þannig að allir nemendur gætu stótt nám í heimangöngu. Því naut hugmyndin um heimavistarskóla í sveitum vaxandi fylgis á 3. áratug 20. aldar. Í þeim efnum voru tvö svæði á undan öðrum, Árnessýsla og Norður–Þingeyjarsýsla. Fyrsti barnaskólinn með heimavist var tekinn í notkun að Ásum í Gnúpverjahreppi árið 1923. Skólar með sömu tilhögun risu á Reykjum í Biskupstungum 1928 og Hellisholti (Flúðum) í Hrunamannahreppi árið 1929. Norðanlands risu fyrstu barnaskólarnir með heimavist að Lundi í Öxarfirði 1928 og Snartarstöðum í Núpasveit árið 1929.

Árið 1931 birtist í timaritinu *Menntamál* grein um skólahús í sveitum eftir Helga Elíasson, sem skipaður var fræðslumálastjóri árið 1944. Með greininni birtust teikningar af þremur skólahúsum til leiðbeiningar fyrir skólanefndir og kennara. Ein teikningin sýnir heimangönguskóla með einni kennslustofu. Önnur er af heimangönguskóla sem jafnframt er samkomuhús með tveimur samliggjandi stofum sem opna má á milli og sameina í eitt rými. Þriðja teikningin sýnir heimavistarskóla, hæð, kjallara og þakhæð. Á aðalhæð eru kennslustofa og leikfimisalur sem opna má á milli, í kjallara eldhús, borðstofa og geymslur og í risi tvö heimavistarherbergi og íbúð skólastjóra. Teikningarnar voru frá teiknistofu Húsameistara ríkisins og endurspegla vel áherslur og einkenni þeirra skólahúsa sem risu víða um land um og eftir 1930. Um nokkur slík hús var fjallað í máli og myndum í skýrslu um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927–1930 sem atvinnumálaráðuneytið gaf út árið 1931.

---

[7] *Guðmundur Finnbogason.* Skýrsla um fræðslu barna og unglinga*, bls. 59–60.*

[8] *Helgi Elíasson.* Skólahús í sveitum*, bls. 113.*

### Lög um félagsheimili 1947

Með vaxandi velmegun um miðja 20. öld voru ríkari kröfur gerðar um aðstöðu til skemmtana og menningarstarfs í sveitum landsins. Gömlu fundarhúsin voru börn síns tíma enda flest hver reist af vanefnum og í sjálfboðavinnu. Víðast hvar voru þau orðin of lítil til að hýsa leiksýningar, dansleiki og stærri veislur. Árið 1947 flutti Eysteinn Jónsson ráðherra stjórnarfrumvarp til laga um Félagsheimilasjóð. Hlutverk sjóðsins var að veita sveitarfélögum og félagasamtökum fjárstuðning til þess að reisa félagsheimili. Var sjóðurinn fjármagnaður úr ríkissjóði með hluta svonefnds skemmtanaskatts.[9] Lögin tóku gildi í janúar 1948.

Með tilstyrk sjóðsins risu á 6., 7. og 8. áratug 20. aldar um allt land myndarleg og vönduð samkomuhús sem komu í stað hinna gömlu fundarhúsa. Í sumum tilvikum var byggt við eldri skóla- og fundarhús, svo sem við Logaland í Reykholtsdal, Brennistaði í Mýrarsýslu, Þverárhlíðarskóla og Sólborgarhól í Eyjafirði. Algengara var þó að eldri húsin væru tekin til annarra nota eða þau rifin. Fyrsta félagsheimilið sem hlaut styrk úr sjóðnum var Félagsgarður í Kjós, sem Ungmennafélagið Drengur hóf að reisa árið 1945 með tilstyrk Kjósarhrepps og kvenfélagsins. Árið 1950 kom út leiðbeiningarrit um félagsheimili á vegum menntamálaráðuneytisins með teikningum af mismunandi stærðum og gerðum slíkra húsa eftir arkitektana Gísla Halldórsson og Bárð Ísleifsson. Þessir tveir arkitektar hönnuðu fjölda félagsheimila sem reist voru í kjölfarið. Saga félagsheimilabygginga eftir 1945 fellur utan ramma þessarar könnunar, en benda má á mikilvæga heimild, *Skrá yfir heimilisföng félagsheimila, nafn þeirra, byggingartíma, rúmtak og hönnuði,* sem Þorsteinn Einarsson tók saman fyrir menntamálaráðuneytið árið 1983.

---

[9] *Jón M. Ívarsson.* Vormenn Íslands, *bls. 123.*

# III. BYGGINGARLIST OG EINKENNI

## Skóla- og fundarhús af elstu gerð / 1900–1920

Elsta gerð skólahúsa í sveitum var í flestum tilvikum ein kennslustofa með anddyri, timburhús með lágreistu mænisþaki og gluggum í eina átt. Vel varðveitt dæmi af þessari gerð eru Múlakotsskóli á Síðu (friðaður 1982), Litla-Hvammsskóli í Mýrdal (nú á Byggðasafninu á Skógum) og Norðurkot á Vatnsleysuströnd. Nokkur hús af þessari gerð standa enn en hafa tekið mismiklum breytingum í tímans rás. Þar má nefna Herjólfsstaðaskóla í Álftaveri, Garðaholt á Álftanesi, Haukadalsskóla í Dýrafirði og Fjarðarskóla í Önundarfirði. Af skólahúsum af elstu gerð sem verið er að bjarga frá eyðileggingu má nefna Keldudalsskóla í Dýrafirði og Þverárskóla í Skíðadal. Dæmi um vel varðveitt og upprunaleg fundarhús af elstu gerð má nefna Félagshúsið Rauðasandi, Skógaskóla í Fnjóskadal, Maríugerði í Ljósavatnshreppi og Fundarhús Lónmanna. Það á einnig við um leikhúsið á Möðruvöllum, sem er elst þeirra húsa sem tilgreint er í þessari skýrslu, byggt 1881. Loks er Mýrarhúsaskóli á Seltjarnarnesi vel varðveitt og afar mikilvægt dæmi um veglegt skóla- og fundarhús af elstu gerð.

## Skólahús Rögnvalds Á. Ólafssonar og Einars Erlendssonar / 1910–1920

Eftir að fyrstu fræðslulögin tóku gildi árið 1908 hafði Jón Þórarinsson fræðslumálastjóri milligöngu um að skólanefndir leituðu sér ráðgjafar hjá Rögnvaldi Ólafssyni, ráðunaut landsstjórnarinnar um húsagerð. Rögnvaldur (Ágúst) Ólafsson (1874–1917) er oft nefndur fyrsti íslenski arkitektinn. Hann nam húsagerðarlist í Kaupmannahöfn á árunum 1901–1904, en lauk því ekki sökum veikinda. Árið 1905 tók hann við ráðgjafarstarfi á vegum landsstjórnarinnar, sem síðar varð embætti húsameistara ríkisins. Brátt gerðist Einar Erlendsson húsameistari aðstoðarmaður Rögnvalds, en hann átti eftir að starfa hjá embætti húsameistara ríkisins allt til ársins 1954. Saman lögðu þeir Einar og Rögnvaldur línur um hönnun margra skólahúsa sem risu í kjölfar þess að fræðslulögin voru sett árið 1907.

Á Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveittir uppdrættir af um það bil 40 skólahúsum með undirskrift Rögnvalds eða Einars Erlendssonar fyrir hans hönd. Teikningar þessar eru dagsettar á árabilinu 1911–1917. Sum skólahúsin á þessum teikningum eru óstaðsett og ber að skoða sem almennar tillögur. Ekki var byggt eftir öllum þessum teikningum og oftar en ekki var útfærslunni breytt á meðan á byggingu stóð, til dæmis í Bjarnastaðaskóla á Álftanesi. Þá eru dæmi um að teikningar hafi verið notaðar á fleiri en einum stað, án þess að þess sé sérstaklega getið. Loks vantar teikningar að nokkrum skólabyggingum sem vitað er að Rögnvaldur og Einar gerðu samkvæmt bréfum og öðrum heimildum. Má þar nefna skólana í Borgarnesi, Eyrarbakka, Vík í Mýrdal og á Siglufirði. Skólinn í Vík var byggður árið 1910 eftir teikningu Rögnvalds og er því með fyrstu barnaskólahúsunum sem hann teiknaði, ásamt

skólanum í Flatey. Í nýlegu riti Snorra Þorsteinssonar, *Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880-2007*, er birt rituð frásögn Rögnvalds frá árinu 1913 um tillögugerð að skólahúsi í Stafholtstungum (Hlöðutúnsholti). Þar koma fram upplýsingar sem veita mikilvæga innsýn í viðhorf þessa fyrsta íslenska arkitekts til hönnunar skólabygginga til sveita:



*Snemma í vor gerði jeg uppdrátt að skólahúsi handa 20 börnum í Stafholtstungum. Húsið var 10 x12 álnir að flatarmáli og með um 3 álna háum hliðarveggjum ofan gólfs, en nokkuð háu risi. Kennslustofan var við annan gafl og á honum gluggarnir, en stofan tók undir skammbita í miðju og var yfir henni hvelfing, bogarnir gerðir þakinu til samheldni og styrktar og þar af stafaði hvelfingin. Í hinum enda hússins [var] gangur um þvert, dyr á miðjum gafli. Húsið var þannig nokkuð frábrugðið hinum venjulegu smáskólahúsum. Bæði sökum venju og til sparnaðar eru þau optast með 4 ½ til 5 álna vegghæð, flötu lofti og lágreistu þaki, og því ekki ósvipuð kassa eða skrínu að lögun, en alls ólík því húsasniði, sem hjer á landi hefir lengst af tíðkast, sem sjé á torfhúsum, lágir veggir, brött þök og háreistar burstir. Ef nokkuð húsasnið er þjóðlegt hjer, þá er það þetta og auk þess helzt í samræmi við landslag og veðráttufar. Hefi jeg stundum látið þetta í ljós við umsjónarmann fræðslumálanna.*

*Nú ljet hann þess getið um leið og hann bað mig um uppdrátt að skólahúsi í Stafholtstungum, að þar mundu standa að menn, sem bæði hefðu vilja og tök á að koma upp sjelegra skólahúsi en almennt gerðist, og mundi jeg því mega breyta nokkuð til. Þetta gerði jeg og varð þannig til uppdráttur sá sem jeg hefi áður sent.*

*Ef um færa smiði er að ræða hugsa jeg að þannig lagað hús verði varla neinu dýrara en venjulegt hús af svipaðri stærð (flatþakið). En helzt þarf það að standa á fremur háum stað. En fyrir fáum dögum skýrir umsjónarm. fræðslumála mjer frá, að fræðslunefndin í Stafholtstungum sje ófús á að reisa hús eptir umgetnum uppdrætti, óttist verð hússins – sjái ef til vill ekki heldur fegurðarmun á því og hinu venjulega, eða sú var ágizkun mín, byggð á nokkurri reynslu annars staðar að. Þótti okkur báðum illa farið, en hugðum þó rjettara eða öllu heldur mundi líka, að láta nefndinni í tje uppdrátt að húsi með hinu venjulega lagi, úr því þess var óskað.*

*Fyrir skömmu gerði jeg uppdrátt að skólahúsi handa 20 börnum í Lundarreykjadal, svipað því sem almennt gerist, með því að þar voru talin tormerki á fjárframlögum. En ekkert varð úr þeirri húsbyggingu í þetta sinn. Því sendi jeg nú fræðslunefnd í Stafholtstungum þann uppdrátt, ef hún endilega vill hverfa frá hinu húsinu.*

*Sá uppdrátturinn, sem ekki verður byggt eftir, óskast endursendur með efnisskrá.*[10]

Af frásögninni má ráða að metnaður Rögnvalds hafi staðið til vandaðri og fegurri skólabygginga en aðstæður í samfélaginu leyfðu á þeim tíma. Athyglisverð eru ummæli hans um *þjóðlegt húsasnið* í anda gömlu torfhúsanna: *lágir veggir, brött þök og háreistar burstir ... í samræmi við landslag og veðráttufar.* Teikningin af Stafholtstungnaskóla sem Rögnvaldur vísar í er varðveitt á Þjóðskjalasafni. Hún sýnir litla en afar sérstæða skólabyggingu úr steinsteypu, með lágum, gluggalausum langhliðum og bogadregnum gluggum á göflum. Ef frá eru taldar hinar óstaðsettu skólateikningar, eru flest skólahús Rögnvalds með *hinu venjulega lagi*, svo vitnað sé í hans eigin orð.




Af þeim skólahúsum sem könnunin tekur til eru einungis fjögur sem með vissu eru byggð eftir teikningum Rögnvalds og Einars. Af þeim kemst barnaskólinn á Hólmavík næst því að

[10] *Snorri Þorsteinsson. Barna- og unglingafræðsla í Mýrarsýslu 1880-2007, 98–101.*

vera í upphaflegri mynd. Bjarnastaðaskóli á Álftanesi hefur í aðalatriðum haldið sínum upprunalegu útlitseinkennum en innréttingu hans hefur verið gjörbreytt. Samkvæmt teikningunni átti skólinn að verða einnar hæðar bygging en á meðan á byggingu stóð var ákvörðun tekin um að hækka þak hússins og innrétta íbúð fyrir skólastjóra í risinu. Skólahús á Eyrarbakka og í Borgarnesi voru byggð eftir teikningum Rögnvalds og Einars og standa þau enn með síðari tíma viðbyggingum og breytingum. Sveinsstaðaskóli í Húnavatnssýslu er nokkuð frábrugðinn teikningu Rögnvalds af skólahúsi á sama stað sem varðveist hefur en ekki er útilokað að hann hafi gert aðra teikningu sem byggt var eftir. Þrír smárúðugluggar á gafli Skálárskóla í Fellshreppi, Skagafirði eru það eina sem minnir á hið gamla skólahús sem Rögnvaldur teiknaði árið 1912. Er skaði að því húsi skuli hafa verið breytt eins og raun ber vitni. Þá benda heimildir til þess að Brennistaðaskóli, nú hluti félagsheimilisins Valfells í Borgarbyggð, sé byggður eftir teikningu Rögnvalds. Teikningin er ekki til og húsið mikið breytt, svo erfitt er að ráða í upphaflega gerð þess. [11]

Margar af skólahúsateikningum Rögnvalds eru undirritaðar fyrir hans hönd af Einari Erlendssyni. Má ætla að Einar hafi að einhverju eða öllu leyti gert þessar teikningar í samráði við Rögnvald, sem var oft frá vinnu vegna veikinda á þessu tímabili. Eftir að Rögnvaldur lést árið 1917 tók Einar Erlendsson við starfi hans og gegndi því til ársins 1920, er Guðjón Samúelsson var skipaður húsameistari ríkisins. Auk barnaskólanna teiknaði Rögnvaldur skólahús bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri sem enn standa með upphaflegum útlitseinkennum.

[11] *Snorri Þorsteinsson, bls. 117.*




### Skólahús Guðjóns Samúelssonar 1920–1940

Guðjón Samúelsson gegndi embætti húsameistara ríkisins frá 1920 til dánardags 1950. Á því tímabili teiknaði hann fjölda steinsteyptra skólahúsa um land allt ásamt samstarfsmönnum sínum, einkum þeim Einari Erlendssyni og Guðmundi H. Þorlákssyni. Líkt og verið hafði undirritaði Einar fjölda skólahúsateikninga á þessu tímabili fyrir Guðjóns hönd. Miklar breytingar urðu á skólabyggingum á þessu tímabili, í takt við bættan efnahag og meiri kröfur. Húsin stækkuðu og farið var að gera ráð fyrir heimavistum og íbúðum fyrir kennara. Á 3. áratugnum voru skólahús flest í klassískum stíl en eftir 1930 tekur að gæta vaxandi áhrifa frá funksjónalisma.

Af skólahúsum í dreifbýli eftir þá Guðjón og Einar frá 3. og 4. áratugnum hafa fleiri varðveist en þau sem horfin eru. Síðari tíma breytingar og viðbyggingar rýra þó gildi margra þessara húsa. Eitt best varðveitta dæmið frá þessu tímabili er skólahúsið í Viðey, teiknað af Einari árið 1928, sem gert var upp í upphaflegri mynd á vegum Reykjavíkurborgar. Af stærri skólahúsum Guðjóns og Einars sem brýnt er að varðveita má nefna Brúarland í Mosfellsbæ, Klébergsskóla á Kjalarnesi, Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi, Hríseyjarskóla, Lundarskóla og Núpasveitarskóla í Öxarfirði, Fljótshlíðarskóla, Strandarskóla á Rangárvöllum, Þingborg í Hraungerðishreppi, Brautarholtsskóla á Skeiðum, Ásaskóla og Reykholtsskóla í Biskupstungum.




Af minni gerðinni eru skólahús í Þverárhlíð, Dalsmynni í Norðurárdal, Sæbóli í Aðalvík og Flatey á Skjálfanda. Eftirsjá er að skólahúsum sem Guðjón teiknaði í Þykkvabæ og á Flúðum. Fyrra húsið eyðilagðist í jarðskjálfta árið 2000 og það síðarnefnda var rifið vegna lélegrar steypu. Auk þessa eru að sjálfsögðu héraðsskólar Guðjóns og skólahús á stærri þéttbýlisstöðum, sem liggja utan ramma þessarar könnunar. Loks ber að geta tillagna Guðjóns og samstarsmanna að skólahúsum á ýmsum stöðum sem ekki voru byggð.

### Verk eftir aðra húsameistara og óþekkta höfunda

Ef frá eru talin þau skóla- og samkomuhús sem byggð voru eftir teikningum frá húsameistara ríkisins eru fá dæmi um hús sem teiknuð voru af nafnkunnum arkitektum og húsameisturum. Jens Eyjólfsson byggingarmeistari teiknaði Fundarhús Lónmanna, Þórir Baldvinsson arkitekt teiknaði Sólgarða, barnaskóla Fljótamanna, og Jóhann Fr. Kristjánsson húsameistari teiknaði Árskógsskóla. Loks er samkomuhúsið Borg í Grímsnesi eftir Þorleif Eyjólfsson húsameistara vel varðveitt hús með sterkum höfundareinkennum. Flest önnur hús í úrtaki könnunar eru ýmist teiknuð af byggingarfróðum heimamönnum eða verk óþekktra höfunda. Dæmi um vel varðveitt hús í þeim flokki eru Ungmennafélagshúsið í Ögurvík, skólahúsið Grenivík, Hlíðarhúsaskóli í Óslandshlíð, félagsheimilið Hringver í Ólafsfirði og Félagsheimilið Dagsbrún undir Eyjafjöllum.

# IV. NIÐURSTAÐA

### Almennt mat á varðveislugildi

Húsin sem tilgreind eru í könnun þessari hafa nánast öll menningarsögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðir, íbúa þeirra og þá sem eiga ættir að rekja til svæðisins. Sameiginlegar minningar tengjast húsunum og því starfi sem þar fór fram. Það eitt er næg ástæða til að réttlæta varðveislu þeirra. Í sumum tilvikum eru skóla- og fundarhús eini áþreifanlegi vitnisburðurinn um samfélag sem nú er horfið eða hefur tekið miklum breytingum. Mörg húsanna hafa skipt um hlutverk og í sumum tilvikum hafa nýir eigendur náð að bjarga viðkomandi húsum frá eyðileggingu með því að aðlaga þau nýju hlutverki. Önnur eru í niðurníðslu og bíða örlaga sinna.

Könnunin leiðir í ljós að til eru nokkur vel varðveitt dæmi af flestum þeim gerðum skóla- og fundarhúsa sem algengust voru á fyrri hluta 20. aldar. Þetta á við um elstu gerð sveitaskóla og samkomuhús ungmennafélaga. Hvað listrænt gildi varðar ber að leggja sérstaka áherslu á varðveislu og endurgerð þeirra skóla- og fundarhúsa sem varðveist hafa með upphaflegum einkennum. Einnig þarf að huga sérstaklega að þeim skólahúsum sem byggð voru eftir teikningum Rögnvalds Á. Ólafssonar og Einars Erlendssonar á árunum 1910–1920. Hið sama á við um skólahús Guðjóns Samúelssonar og Einars Erlendssonar sem byggð voru eftir 1920. Mörg þeirra hafa verið hart leikin af síðari tíma breytingum sem mögulegt er að vinda ofan af og lagfæra í náinni framtíð.

Ljóst er að tæmandi yfirsýn yfir þennan þátt byggingararfsins fæst ekki nema að til viðbótar verði könnuð þau skóla- og samkomuhús sem reist voru á stærri þéttbýlisstöðum. Þá ætti að nást heildarmynd af því hvað eftir stendur af verkum einstakra höfunda í þessum flokki bygginga.

# Barnaskólinn í Viðey Kjós

## Skólahúsið í Viðey

## Sundbakka, Viðey, Reykjavíkurborg

**Byggingarár**
1928

**Skráð af**
ST 0101

**Hönnun** Einar Erlendsson

**Byggjandi** Seltjarnarneshreppur

**Upphafleg notkun** Skóli og samkomustaður þorpsbúa og Viðeyinga









**Húsform** einlyft steinhús, leikfimisalur og kennslustofa, grunnflötur 13,8 x 10,7 m

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** lágt valmaþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Reykjavíkurborg

**Notkun** sýningarhús, samkomuhús, áningarstaður fyrir gesti Viðeyjar

**Heimildir** Upplýsingaskilti við hlið hússins.
Teikning EEr dags. 06-1928 í safni Húsameistara ríkisins, Þí.
Heimir Þorleifsson, Seltirningabók, 259-261.

**Breytingar**

1990. Skólinn endurgerður á vegum Reykjavíkurborgar

**Ástandsmat**

Einfalt og fallegt hús, hannað af merkum húsameistara. Hefur verið gert upp í upphaflegri mynd á afar vandaðan hátt. Tæknilegt ástand er mjög gott.

**Aðrar upplýsingar**

Þorlákur Ófeigsson húsasmíðameistari reisti skólann sem var tekinn í notkun í okt. 1928.
Skólinn var í upphafi útibú frá Mýrarhúsaskóla. Skólahaldi þar lauk vorið 1941.
Steinn Steinarr skáld keypti húsið 1941 og dvaldi þar 1942-43.
Eina húsið sem eftir stendur í Sundbakka, þorpinu á austurenda Viðeyjar.
Eldri teikning af barnaskóla í Viðey e. Guðjón Samúelsson, dags. 07-1924. Þí.

# Mýrarhúsaskóli Kjós

Mýrarhúsaskóli eldri
við Kirkjubraut, Seltjarnarneskaupstað

**Byggingarár**
1906
**Skráð af**
ST 0102

**Hönnun** óþekktur
**Byggjandi** Hreppsnefnd og lestrarfélag Seltjarnarness
**Upphafleg notkun** skólahús






**Húsform** timburhús á hlöðnum grágrýtissökkli, hæð og hátt ris, grunnflötur
**Veggir** timburveggir, klæddir bárujárni **Þak** timburþak, klætt bárujárni

**Eigandi** Seltjarnarneskaupstaður

**Notkun** bæjarskrifstofur Seltjarnarneskaupstaðar

**Heimildir** http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/um-skolann/saga-skolans/myrarhusaskoli/
Skoðað í nóvember 2009.
Heimir Þorleifsson, Seltirningabók, 227-259.

**Breytingar**

**Ástandsmat**
Skólahúsið stendur hátt og setur mikinn svip á umhverfið, þrátt fyrir nálæg stórhýsi og götu sem þrengir að. Húsið er veglegt og hefur haldið upprunalegum útlitseinkennum. Því er vel við haldið jafnt utan sem innan. Hefur mikið menningarsögulegt gildi.

**Aðrar upplýsingar**
Eldra skólahús var reist vestur frá Mýrarhúsum 1883, hlaðið úr steini.
Mýrarhúsaskóli (timburhúsið) var reistur 1905-6, tekinn í notkun í október 1906.
Í notkun sem skóli til ársins 1960.
Auk skólahalds var húsið notað til helgihalds og dansleikja.
Í risi var íbúð skólahaldara, fundarsalur og bókaherbergi lestrarfélags.

# Brúarland Kjós

## Brúarlandsskóli, Skólahúsið á Brúarlandi
## við Háholt, Mosfellsbæ

**Byggingarár**
1922
**Skráð af**
ST 0103

**Hönnun** Guðjón Samúelsson, Einar Erlendsson
**Byggjandi** Mosfellshreppur, með ríkisstyrk
**Upphafleg notkun** skóli og samkomuhús






**Húsform** Steinsteypuhús, kjallari, hæð og hátt ris, grunnflötur 13,5 x 9,8 m

**Veggir** steinsteyptir, klæddir með steniplötum á 3 hliðar, pússning á plast á gafli

**Þak** timburþak, klætt málmplötum

**Eigandi** Mosfellsbær

**Notkun** Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

**Heimildir** Jón Eggert Bragason, aðstoðarskólameistari (joneggert@mos.is).
Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins, 81-82 (myndir og texti).
Upplýsingaskilti við húsið.

**Breytingar**

2009 miklar innanhússbreytingar og lagfæring að utan að hluta

**Ástandsmat**

Fallegt og reisulegt steinsteypuhús, tæknilegt ástand gott, líður fyrir nábýli við Vesturlandsveg. Hefur verið fært til upprunalegra horfs að innan um leið og aðgengi fatlaðra var bætt. Seinni tíma klæðningar rýra útlitsgildi hússins.

**Aðrar upplýsingar**

Samkomu- og leikfimisalur í kjallara, íbúð og heimavist í risi.
Kennsla hófst í desember 1922 í kjallara.
Menningarsetur Mosfellssveitar um 30 ára skeið, fram til 1951.

# Kléberg Kjós

## Skólahúsið á Klébergi, Heimavistarbarnaskóli að Vallá, Kjalarnesi
## Kollagrund 2, Kjalarnesi, Reykjavíkurborg

**Byggingarár**
1928
**Skráð af**
ST 0104

**Hönnun** Einar Erlendsson
**Byggjandi** Kjalarneshreppi, með ríkisstyrk
**Upphafleg notkun** skólahús og samkomustaður Kjalnesinga









**Húsform** Steinsteypuhús, ein hæð með portbyggðu risi, grunnflötur 18 x 7,3 m
**Veggir** steinsteyptir, sléttpússaðir og málaðir, hluti gafls klæddur bárujárni
**Þak** timburþak, klætt bárujárni

**Eigandi** Reykjavíkurborg

**Notkun** grunnskóli Kjalarness

**Heimildir** Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins, 82-83 (mynd og texti).

**Breytingar**

2000, viðbygging og breytingar, hannaðar af Arkitektur.is

**Ástandsmat**

Fallegt og reisulegt steinsteypuhús. Húsið umlukið nýlegum viðbyggingum, sem draga úr vægi þess í umhverfinu. Tæknilegt ástand hússins slæmt, lagfæringa er þörf utan sem innan.

**Aðrar upplýsingar**

Elsti barnaskóli sem starfandi er í Reykjavík.

# Félagsgarður Kjós

## Félagsgarður í Kjós, samkomuhús Kjósverja
## við Hvalfjarðarveg nálægt ósi Laxár, Kjósarhreppi

**Byggingarár**
1945-46
**Skráð af**
ST 0105

**Hönnun** Karl Andrésson frá Neðra-Hálsi
**Byggjandi** Ungmennafélagið Drengur
**Upphafleg notkun** félagsheimili, leikfimistofa og hreppsskrifsstofa










**Húsform** steinsteypuhús með lágu valmaþaki, framhluti hússins tvílyftur
**Veggir** steinsteyptir með málmklæðningu
**Þak** valmaþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Ungmennafélagið Drengur og Kjósarhreppur

**Notkun** félagsheimili

**Heimildir** Jón M. ívarsson, Vormenn íslands, 126.
Þorsteinn Einarsson, skrá yfir heimilisföng félagsheimila.

**Breytingar**

Teiknistofan Ármúla 6, ýmsar breytingar
2007, breytingar innanhúss, eldhús og stigagangur

**Ástandsmat**
Reisulegt og fallegt samkomuhús, hefur verið klætt utan og anddyri bætt við.

**Aðrar upplýsingar**
Fyrsta félagsheimilið sem hlaut styrk úr félagsheimilasjóði.

# Heynesskóli

Borg

## Félagsheimilið Miðgarður, skólahúsið á Heynesi
## í landi Heyness, Akraneskaupstað

**Byggingarár**
1938

**Skráð af**
SH 0201

**Hönnun** Einar Erlendsson

**Byggjandi**

**Upphafleg notkun** heimangönguskóli









**Húsform** einlyft steinsteypuhús með valmaþaki

**Veggir** steinsteyptir

**Þak** valmlaga timburþak klætt lituðum málmplötum

**Eigandi**

**Notkun** félagsheimili

**Heimildir** Byggðir Borgarfjarðar II, bls. 87.
Sigrún Sigurgeirsdóttir, s. 431-2489, 431-2137.
Þorsteinn Einarsson, skrá.

**Breytingar**

1954-56, félagsheimili úr vikursteini byggt við gamla barnaskólahúsið (BB)
Breyting hönnuð af heimamönnum (ÞE)
1985, húsið stækkað með viðbyggingu úr steinsteypu

**Ástandsmat**

Upprunalega húsið er byggt inn í núverandi félagsheimili

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Innra Akraneshreppi.
Skólastofa, eldhús og kennaraherbergi í upphaflega húsinu.

# Lundargerði, Lundarreykjadal — Borg

Lundur

í landi Lundar, Lundarreykjadal, Borgarbyggð

**Byggingarár**
1914-15

**Skráð af**
SH 0202

**Hönnun** bændur og smiðir úr sveitinni sáu um byggingu

**Byggjandi** Ungmennafélagið Dagrenning

**Upphafleg notkun** samkomuhús ungmennafélags, bókasafn









**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágu risi

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir timburskúr við norðurvegg

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Guðmundur R. Jósefsson og fjölskylda

**Notkun** sumarbústaður

**Heimildir** Byggðir Borgarfjarðar, Lundarreykjadalur, 270.
Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880-2007, 101.
Jón Gíslason, Lundi.
Jón Ólafsson, Hafnarfirði, s. 895-1374.

**Breytingar**

1925. Skúr byggður við norðurvegg hússins

**Ástandsmat**

Eigendur hafa lagt metnað í að varðveita húsið í sem upphaflegastri mynd.
Að sögn Jóns Ólafssonar (tengdarsonar GRJ) er fjölmargt upprunalegt í húsinu.

**Aðrar upplýsingar**

Með eldri steyptum húsum í Borgarfirði.
Komst í eigu Guðmundar R. Jósefssonar 1954. Þá var húsið upprunalegt en í niðurníðslu.
Skólahús í Hlöðutúnsholti, Stafholtstungum var byggt eftir teikningu RÁÓ af skóla í Lundarreykjardal (Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu, 101)

# Logaland Borg

Félagsheimilið Logaland
í landi Snældubeinsstaða, Reykholtsdal, Borgarbyggð

**Byggingarár**
1909
**Skráð af**
SH 0203

**Hönnun**
**Byggjandi** Ungmennafélag Reykdæla
**Upphafleg notkun** samkomuhús ungmennafélags






**Húsform** einlyft hús með mænisþaki
**Veggir** klæddir með steniplötum
**Þak** timburþak klætt bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** félagsheimili

**Heimildir** Byggðir Borgarfjarðar II, 293.
Þorsteinn Einarsson, skrá.
Jón M. ívarsson, Vormenn íslands, 70-71.

**Breytingar**

Stækkað 1946-50 og aftur 1968-80, þá eftir teikningum Jes Einars Þorsteinssonar arkitekts.

**Ástandsmat**

Gamla húsið er lítill hluti af stærra samkomuhúsi, fátt minnir á upphaflega gerð.

**Aðrar upplýsingar**

Fyrsta samkomuhús sem ungmennafélagar reistu á íslandi árið 1907 (JMI).

# Barnaskólinn í Borgarnesi



Félagsmiðstöðin Óðal

Gunnlaugsgata 8a, Borgarnesi, Borgarbyggð

**Byggingarár** 1913

**Skráð af** PHA 0301

**Hönnun** Rögnvaldur Á. Ólafsson

**Byggjandi** Borgarhreppur

**Upphafleg notkun** skóli og samkomuhús







**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Borgarbyggð

**Notkun** félagsmiðstöð unglinga í Borgarnesi

**Heimildir** Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880-2007, 182-216.
Sama rit, bréf Rögnvalds Á. Ólafssonar til skólanefndar, 7. maí 1913, 188.
Guðrún Jónsdóttir, Safnahúsi Borgarfjarðar.

**Breytingar**

1932, UMF. Skallagrímur reisti samkomuhús áfast skólanum.

**Ástandsmat**

**Aðrar upplýsingar**

Nýtt skólahús vígt 1949.
Gamla húsið afhent hreppsnefnd, selt stúkunni Borg sama ár.
Stúkan seldi hreppnum húsið aftur 1964.
Sameinað húsi UMF. Skallagríms og sett upp æskulýðsmiðstöðin Óðal.

# Brennistaðaskóli Mýr

## Félagsheimilið Valfell
## Brennistöðum, Borgarbyggð

**Byggingarár**
1914
**Skráð af**
SH 0302

**Hönnun** Rögnvaldur Á. Ólafsson, upphaflega skólahúsið
**Byggjandi** Borgarhreppur
**Upphafleg notkun** skóli og þinghús








**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki
**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir
**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni
**Eigandi** Borgarbyggð
**Notkun** félagsheimili
**Heimildir** Byggðir Borgarfjarðar II, 179-180.
Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880-2007,114-120.
Félagsheimið Valfell, s. 437-1696.
Þorsteinn Einarsson, skrá.

**Breytingar**

1929, samkomusalur byggður við skólahúsið
1965, eldri byggingar gengu inn í nýbyggingu félagsheimilisins Valfells
Hönnun félagsheimilis: Teiknistofan Ármúla 6

**Ástandsmat**
Form gamla hússins heldur sér sem bakálma félagsheimilisins.

**Aðrar upplýsingar**
Áður í Borgarhreppi. Skólahúsið Brennistöðum var vígt 12.11.1911. Kvenfélag Borgarhrepps og Ungmennafélagið Borg stóðu að stækkun hússins ásamt hreppnum árin 1929 og 1965. Skólahald á Brennistöðum lagðist niður 1954.

# Þverárhlíðarskóli Mýr

## Barnaskóli í Þverárhlíðarskólahéraði, Félagsheimilið við Þverárrétt
## við Þverárrétt og Norðtunguskóg, Þverárhlíð, Borgarbyggð

**Byggingarár**
1928

**Skráð af**
SH 0303

**Hönnun** Einar Erlendsson

**Byggjandi**

**Upphafleg notkun** barnaskóli










**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágu mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** rislaga timburþak, klætt bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** félagsheimili Þverhlíðinga

**Heimildir** Byggðir Borgarfjarðar, 49-50.
Vilhjálmur Diðriksson, Helgafelli, 435-1459.
Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880-2007,66-80.

**Breytingar**

1962, timburbygging með samkomusal byggð við gamla skólahúsið
1985, samkomuhúsið stækkað

**Ástandsmat**

Viðbyggingar umfangsmeiri en gamla húsið sem byggt er eftir teikningu Einars.
Gluggadeiling er breytt en að öðru leyti virðist það upprunalegt. Tæknilegt ástand þokkalegt.

**Aðrar upplýsingar**

Sama teikning og af skólahúsi í Norðurárdal.
Barnaskóli Þverhlíðinga til 1954, er heimavistarskóli tók til starfa á Varmalandi.

# Norðurárdalsskóli

Mýr

## Barnaskóli í Norðurárdal, Norðurárdalsskóli
## Dalsmynni í Norðurárdal, Borgarbyggð

**Byggingarár**
1930

**Skráð af**
PHA 0304

**Hönnun** Einar Erlendsson

**Byggjandi**

**Upphafleg notkun** skóli og samkomuhús










**Húsform** einlyft steinsteypuhús með mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** timburþak, klætt bárujárni

**Eigandi** Borgarbyggð (Orkuveita Borgarness)

**Notkun** geymsla, aðstaða fyrir dælubúnað frá hitaveitu

**Heimildir** Uppdráttur Húsameistara ríkisins 1927-11, Einar Erlendsson.
Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880-2007, 82-94.
Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt, eigandi Dalsmynnis, hefur mælt húsið upp.
Úttekt eftir Einar Hjartarson húsasmíðameistara.

**Breytingar**

Þakhalli hússins meiri en teikning sýnir.
Viðbygging við suðurgafl.

**Ástandsmat**

Upprunalegt en illa farið, utan sem innan. Viðbygging við suðurgafl að hruni komin.
Stendur illa, fast upp við þjóðveg 1 (innan marka veghelgunarsvæðis).

**Aðrar upplýsingar**

Afi og amma Málfríðar gáfu land undir skólann en gjafabréfið finnst ekki.
Svið hússins er upprunalegt.

# Dalsmynni Snæ

Bjarmaland

Dalsmynni, Eyja- og Miklaholtshreppi

**Byggingarár** 1936-39

**Skráð af** BBJ, PHA 0401

**Hönnun**

**Byggjandi** Ungmennafélagið Árroði, Kvenfélagið og hreppurinn

**Upphafleg notkun** þinghús og samkomuhús









**Húsform** einlyft steinsteypuhús með risþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** risþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Veiðifélag Núpár

**Notkun** seinast notað sem veiðihús, stendur tómt

**Heimildir** Svanur Guðmundsson, Dalsmynni II, 435-6657 og 694-8020.
Byggðir Borgarfjarðar III, 50.

**Breytingar**

Húsið var byggt í áföngum, stækkað 1962 og 1985

**Ástandsmat**

Húsið er illa farið og bíður niðurrifs.

**Aðrar upplýsingar**

Húsið var aldrei notað til skólahalds.

# Skjöldur

Snæ

## Félagsheimilið Skjöldur, Skólinn að Skildi
## í landi Saura, Helgafellssveit

**Byggingarár**
1927/1933 ?

**Skráð af**
BBJ 0402

**Hönnun** óþekktur

**Byggjandi**

**Upphafleg notkun** samkomuhús (og skóli?)







**Húsform** einlyft steinsteypuhús með mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Helgafellssveit og Kvenfélagið Björk

**Notkun** geymsla

**Heimildir** www.skjoldur.is
Lárus Hannesson, Lokaritgerð um skólamál í Helgafellssveit, KHÍ.
Jónína Þ. Gunnarsdóttir, joninath@skjoldur.is, 438-1485, 867-9817.
Þorsteinn Einarsson, skrá.

**Breytingar**

1978-81, viðbygging eftir Geirharð Þorsteinsson arkitekt

**Ástandsmat**

Húsið heillegt að sjá og í þokkalegu ástandi. Salurinn er varðveittur í upprunalegri mynd.

**Aðrar upplýsingar**

Til er teikning af viðbyggingu við eldra hús e. Rögnvald Á. Ólafsson og Einar Erl. 1915.
Ekki formlegt skólahald í húsinu, farskóli í sveitinni, skv. JÞG.
Í skjölum fræðslustjóra er talað um skólann að Skildi (ÞÍ).

# Sólvangur Dal

Miðbraut, Búðardal, Dalabyggð

**Byggingarár**
1937

**Skráð af**
PHA 0501

**Hönnun**

**Byggjandi** Ungmennafélagið Ólafur pá

**Upphafleg notkun** félagsheimili









**Húsform** einlyft steinsteypuhús

**Veggir** steinsteyptir, klæddir málmplötum

**Þak** timburþak, klætt bárujárni

**Eigandi** RARIK

**Notkun** Tækjageymsla RARIK

**Heimildir**

**Breytingar**

Breytt í tækjageymslu

**Ástandsmat**

Stendur nú við aðalgötuna í Búðardal. Gluggar breyttir, útveggir klæddir, innréttingar horfnar.

**Aðrar upplýsingar**

Aflagt sem félagsheimili 1961.

# Félagsheimilið Staðarfelli Dal

## Félagsheimilið að Staðarfelli
## í landi Staðarfells, Fellsströnd, Dalabyggð

**Byggingarár**
1929-30
**Skráð af**
PHA 0502

**Hönnun** óþekktur
**Byggjandi** Ungmennafélagið Dögun o.fl.
**Upphafleg notkun** samkomuhús ungmennafélags






**Húsform** steinsteypt hús með mænisþaki, jarðhæð undir hluta hússins

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir, að hluta klæddir steniplötum

**Þak** mænisþak úr timbri klætt bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** félagsheimili

**Heimildir** Þorsteinn Einarsson, skrá.
Félagsheimili, s. 434-1336.

**Breytingar**

Stækkun eldra húss 1958-64
ÞE telur að heimamenn hafi hannað viðbygginguna
Teikning af stækkun í safni Húsameistara ríkisins, 1958-04, arkitekt Guðmundur Guðjónsson

**Ástandsmat**

Stendur fallega í landinu. Greina má form gamla hússins en viðbyggingar bera það ofurliði.
Húsið virðist vera mikið breytt frá upphaflegri gerð.

**Aðrar upplýsingar**

# Röðull Dal

í landi Hvalgrafa skammt frá Búðardalsá, Skarðsströnd, Dalabyggð

**Byggingarár**
1939

**Hönnun**

**Byggjandi**

**Skráð af**
PHA 0503

**Upphafleg notkun** samkomu- og fundarhús Skarðstrendinga






**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir og múrhúðaðir (í upphafi)

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Dalabyggð

**Notkun** stendur autt

**Heimildir** Textaverk Þóru Sigurðardóttur myndlistarmanns á innvegg hússins.

**Breytingar**

Aflagt, stendur opið fyrir veðri og vindum

**Ástandsmat**

Stendur hátt og sést víða að.
Veggir og þak standa uppi, múr hefur flagnað af veggjum.
Hluti klæðinga innanhúss enn á sínum stað, en gólfklæðning horfin.

**Aðrar upplýsingar**

Notað sem sýningarstaður í tengslum við myndlistarsýninguna Dalir og Hólar, 2008-2010.

# Félagshúsið Rauðasandi



Ungmennafélagshúsið
í Stekkadalslandi við Saurbæ á Rauðasandi, Vesturbyggð

**Byggingarár**
1918-20
**Skráð af**
KÁ 0601

**Hönnun** óþekktur
**Byggjandi** Ungmennafélagið Von
**Upphafleg notkun** samkomuhús og skóli









**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir utan, panilklædd loft og veggir inni

**Þak** rislaga bárujárnsþak, klætt bárujárni

**Eigandi** Kjartan Gunnarsson, Saurbæ

**Notkun** notað sem kaffihús sumarið 2009

**Heimildir** Kjartan Gunnarsson, Saurbæ.
Daníel Hansen, Svalbarðsskóla / 468-1140 (upplýsingar frá PHA)

**Breytingar**

Viðgerðir standa yfir

**Ástandsmat**

Fallegt hús sem stendur vel í umhverfinu, vel varðveitt, hefur haldið upprunalegum útlitseinkennum, tæknilegt ástand gott.

**Aðrar upplýsingar**

# Bakkadalsskóli

V. Barð

Bakkadal í Arnarfirði, Vesturbyggð

**Byggingarár** 1940

**Skráð af** KA 0602

**Hönnun** óþekktur

**Byggjandi** Ungmennafélagið Morgunn

**Upphafleg notkun** fundarhús









**Húsform** einlyft timburhús á hlöðnum sökkli, með lágreistu mænisþaki

**Veggir** timburveggir klæddir bárujárni utan, málaðar panilklæðingar að innan

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** aflagt, síðast i notkun um 1980

**Heimildir**

**Breytingar**

**Ástandsmat**

Stendur fallega, virðist mjög upprunalegt utan sem innan, þarfnast bráðaviðhalds til að forða frá frekari skemmdum.

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Ketildalahreppi.

# Skóli Selárdal V. Barð

Selárdal í Arnarfirði, Vesturbyggð

**Byggingarár** 1933
**Skráð af** KA 0603
**Hönnun** óþekktur
**Byggjandi** Ungmennafélagið Skjöldur
**Upphafleg notkun** skóli og samkomuhús









**Húsform** einlyft hús með mænisþaki
**Veggir** með lóðréttri borðaklæðningu úr timbri
**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** sumarbústaður

**Heimildir**

**Breytingar**

2007-8, forstofuviðbygging og timburklæðning

**Ástandsmat**

Tæknilegt ástand gott, óljóst með upprunaleika, virðist mikið breytt.

**Aðrar upplýsingar**

áður í Ketildalahreppi.
Skóli til ársins 1946, samkomuhús til ársins 1960.

# Haukadalur, samkomuhús V. ís

Samkomuhús Kvenfélagsins Hugrúnar
Haukadal í Dýrafirði, ísafjarðarbæ

**Byggingarár**
1936
**Skráð af**
KÁ 0701

**Hönnun** óþekktur
**Byggjandi** Kvenfélagið Hugrún
**Upphafleg notkun**





**Húsform** einlyft timburhús með mænisþaki
**Veggir** bárujárnsklæddir timburveggir á hlöðnum sökkli
**Þak** timburþak klætt bárujárni
**Eigandi** Elvar Logi Hafsteinsson, s. 891-7025
**Notkun** leiklistarstarfsemi, Kómedíuleikhúsið
**Heimildir**

**Breytingar**

Viðbygging aftan við húsið, ártal óvisst.

**Ástandsmat**

Látlaust bárujárnsklætt timburhús, stendur vel í nágrenni Haukadalsskóla og fullgerir snotra götumynd, upprunalegt í megindráttum, tæknilegt ástand virðist gott.

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Þingeyrarhreppi.

# Haukadalsskóli V. ís

Haukadal í Dýrafirði, ísafjarðarbæ

**Byggingarár**
1912

**Skráð af**
KÁ 0702

**Hönnun**

**Byggjandi**

**Upphafleg notkun** barnaskóli







**Húsform** einlyft steinhús með mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** timburþak með nýlegri málmplötuklæðningu

**Eigandi**

**Notkun** sumarhús

**Heimildir** Bjarni Guðmundsson. Haukadalsskólinn, Ársrit Sögufélags íslendinga 1984.
Hallgrímur Sveinsson. Barnaskóli á Þingeyri í Dýrafirði í 100 ár, 16, 26-27.

**Breytingar**

2008, sólstofa byggð við húsið

**Ástandsmat**

**Húsform** steinsteypuhús, hæð og hátt ris
**Veggir** steinsteyptir, kæddir málmplötum
**Þak** mænisþak út timbri með hálfvalma, klætt bárujárni

**Eigandi** Sveitarfélagið Norðurþing og Menningarmiðstöð Þingeyinga (50/50%)

**Notkun** Bóka- og byggðasafn N. Þingeyinga

**Heimildir** Land og fólk, 125.
Sigrún Kristjánsdóttir safnstjóri, Húsavík, 464-1860.
Einar Erlendsson, teikning dags. 1928-04 og 1938-05, Þ.í. Húsam. rík.

**Breytingar**

1928, tvílyft viðbygging eftir Einar Erlendsson, kennaraíbúð og bókasafn

**Ástandsmat**

Búið að klæða útveggi og breyta gluggum.
Breytt herbergjaskipan í risi og á gangi, kennslusalur upprunalegur.
Merkilegt og fallegt skólahús, myndar heild með kirkju eftir Guðjón Samúelsson.

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Presthólahreppi.
Kennt í húsinu til ársins 1982, er nýr skóli opnaði á Kópaskeri.
Til er bæklingur um byggðasafnið.

# Svalbarð N. Þing

samkomuhúsið Svalbarði
Svalbarð í Þistilfirði, Svalbarðshreppi

**Byggingarár** **Hönnun**
1938 **Byggjandi** Svalbarðshreppur og Ungmennafélagið Afturelding
**Skráð af**
1504 **Upphafleg notkun** samkomuhús






**Húsform** Einlyft steinsteypuhús með mænisþaki, kjallari undir hækkuðu sviði

**Veggir** steinsteyptir og málaðir utan, panilklæddir að innan **Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Svalbarðshreppur

**Notkun** nýtt sem afdrep og fyrir íþrótta- og smíðakennslu

**Heimildir** Land og fólk, 514.
Daníel Hansen, Svalbarðsskóla / 468-1140 (viðtal 10.12.2009).

**Breytingar**

Anddyri bætt við (?)

**Ástandsmat**

Látlaust hús í funkisstíl, stendur stakt á opnu svæði. Upprunalegt, en er í vanhirðu, þarfnast viðhalds.

**Aðrar upplýsingar**

Húsið var aflagt sem félagsheimili fyrir 25 árum, er nýtt samkomu- og skólahús var reist í næsta nágrenni þess. Svalbarð var lengi prestsetur, þingstaður hreppsins og póstafgreiðsla.

# Borgarfjarðarskóli N. Múl

Nýi skólinn

Hreppstofa (á Skólatúni) Bakkagerði, Borgarfjarðarhreppi

**Byggingarár**
1939

**Skráð af**
AK 1601

**Hönnun** Ágúst Pálsson, f.h. húsameistara ríkisins

**Byggjandi** Borgarfjarðarhreppur

**Upphafleg notkun** barnaskóli









**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágreistu valmaþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** valmaþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Borgarfjarðarhreppur

**Notkun** hreppsskrifstofa (hreppsstofa) og bankaútibú

**Heimildir** Saga Borgarfjarðar eystra, 291-295.
Magnús Þorsteinsson, Höfn (viðtal 14.8.2009).

**Breytingar**

1945, vatnsleiðsla lögð og ýmsar endurbætur gerðar
Notað til kennslu til ársins 1967, er skólinn flutti í Fjarðarborg
Eftir það nýtt sem sjoppa, olíusala og saumastofa þar til því var breytt í hreppsskrifstofu

**Ástandsmat**

Húsið er hluti af miðbæjarmynd Bakkagerðis. Talsvert breytt, en endurvinnanlegt.
Tæknilegt ástand gott.

**Aðrar upplýsingar**

Eldra skólahús byggt 1906, kom tilsniðið frá Noregi, skemmdist mikið í ofsaveðri 1938.
Sigurður Jónsson á Sólbakka, yfirsmiðurUngmennafélagið keypti það og notaði undir samkomuhald til ársins 1968, er það var rifið.

# Rauðilækur N. Múl

Fundarhús, félagshús

Rauðilækur (við veg 931), Fellum, Fljótsdalshéraði

**Byggingarár**
1934-35

**Skráð af**
AK 1602

**Hönnun** Karl Ólafsson snikkari frá Urriðavatni yfirsmiður

**Byggjandi** Ungmennafélagið Huginn

**Upphafleg notkun** fundarhús og samkomuhús









**Húsform** tvílyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** tvöfaldir steinsteypuveggir með torfeinangrun, klæddir utan

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** einkaeign

**Notkun** íbúðarhús

**Heimildir** Fellamannabók.
Brynjólfur Bergsteinsson, Egilsstöðum (viðtal 15.8. 2009).

**Breytingar**

1954-55, stækkað (sjá teikningu)
Breytt í íbúð, útveggir klæddir með málmplötum

**Ástandsmat**

Gott hús og vel byggt í upphafi. Stendur stakt. Mikið breytt að innan, klæðning á útveggjum. Tæknilegt ástand gott.

**Aðrar upplýsingar**

Var aldrei notað sem skóli.

# Seyðisfjarðarhreppsskóli N. Múl

Skóli á Hánefsstaðaeyri

Hánefsstaðaeyri við Seyðisfjörð, Seyðisfjarðarkaupstað

**Byggingarár**
1924

**Skráð af**
AK 1603

**Hönnun** Eiríkur Ingimundarson frá Sörlastöðum (?)

**Byggjandi** Seyðisfjarðarhreppur

**Upphafleg notkun** skólahús






**Húsform** einlyft steinsteypuhús með mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir og sléttmúraðir utan, panilklæddir innan

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni utan, panilloft inni

**Eigandi** Sigurður Þórsson verkfræðingur

**Notkun** aflagt, en verið að endurbyggja

**Heimildir** Sigurður Þórsson verkfr./ Soffía Guðmundsdóttir (viðtal 18.8.2009). Sigurður Magnússon í Dröfn.

**Breytingar**

**Ástandsmat**

Vel hannað hús á sérstökum stað. Upprunalegt í aðalatriðum, m.a. panilklæðning inni. Ástand gott að gólfi frátöldu. Verið að endurnýja glugga í réttu formi en röngum prófíl.

**Aðrar upplýsingar**

Til er teikning af skólahúsi fyrir Seyðisfjarðarhrepp, dags. og undirskrift vantar. Er með hálfvalmaþaki og íbúð í risi.

# Félagsheimilið að Arnhólsstöðum S. Múl

Arnhólsstaðir í Skriðdal, Fljótsdalshéraði

**Byggingarár**
1932

**Hönnun**

**Byggjandi**

**Skráð af**
AK 1701

**Upphafleg notkun** félagsheimili






**Húsform** tvílyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir og sléttmúraðir, langhliðar klæddar málmplötum

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** félagsheimili

**Heimildir** Þorsteinn Einarsson, skrá.

**Breytingar**

1948, stækkun og endurbætur, hönnun: teiknistofan Ármúla 6
1987, byggður 100 m2 salur við félagsheimilið

**Ástandsmat**

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Skriðdalshreppi.

# Egilsstaðir á Kirkjumel S. Múl

Kirkjumelur, í landi Skorrastaða í Norðfirði, Fjarðabyggð

**Byggingarár**
1930-33
**Skráð af**
AK 1702

**Hönnun** Einar Erlendsson
**Byggjandi** Ungmennafélagið Egill rauði
**Upphafleg notkun** samkomuhús






**Húsform** einlyft steinsteypuhús í upphafi, rishæð bætt ofan á síðar

**Veggir** steinsteyptir, einangraðir að utan og múraðir með akrílhúð

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Fjarðabyggð

**Notkun** leikskóli

**Heimildir** Hálfdán Haraldsson, Kirkjumel (viðtal 18.08.2009).
Teikning Einars Erlendssonar af skóla í Norðfjarðarhreppi, 1930-05.

**Breytingar**

1946-47, breytt í heimavistarskóla Norðfjarðarhrepps
1970, lengt og byggð viðbygging

**Ástandsmat**

Stendur fallega á kambbrún, tengt íbúðarhúsi. Tæknilegt ástand gott, en mikið breytt frá upprunalegri gerð. Upphaflega var húsið afar sérstakt, með kastalariði.

**Aðrar upplýsingar**

Neðri hæðin virðist byggð eftir teikningu Einars Erlendssonar.
1936, gerður samningur um notkun félagsheimilis fyrir skóla.
Teikning af stækkun í safni húsameistara ríkisins 1964 e. Guðmund Guðjónsson.

# Fundarhús Lónmanna A. Skaft

## Valhóll í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði

**Byggingarár**
1912

**Skráð af**
AK 1801

**Hönnun** Jens Eyjólfsson (aðalbygging), Ragnar Þórarinsson

**Byggjandi** Málfundafélag Lónmanna

**Upphafleg notkun** fundarhús, kennslustofa og spunastofa









**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágu mænisþaki, kjallari undir leiksviði

**Veggir** steinsteyptir veggir, einangraðir að utan og máaðir

**Þak** lágreist mænisþak klætt bárujárni, panilklædd loft inni

**Eigandi** Sveitarfélagið Hornafjörður, Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Notkun** samkomuhús, fundarhús

**Heimildir** Þorsteinn Geirsson, Gamla hugljúfa sveit (1990), 18-37.
Eins og standandi vottur um þor, Eystrahorn, 21.12 1984,
(viðtal við Skafta Benediktsson, Hraunkoti).
Upphafleg teikning Jens Eyjólfssonar.

**Breytingar**

1913, skúr byggður við
1929, viðbygging til austurs, skóla- og spunastofa
1990-95, endurgerð og aðlögun, arkitekt: Árni Kjartansson

**Ástandsmat**

Fagurlega staðsett, fyrrum í þjóðbraut. Vel varðveitt, uppgert og aðlagað, tæknilegt ástand mjög gott.

**Aðrar upplýsingar**

# Fundarhúsið á Pálshól

A. Skaft

## Félagsheimilið Holt, Skólahús í Mýrahreppi
## Pálshóli í Mýrum, Sveitarfélaginu Hornafirði

**Byggingarár**
1929

**Skráð af**
AK 1802

**Hönnun** Halldór Eyjólfsson í Hólmi

**Byggjandi** Ungmennafélagið Valur

**Upphafleg notkun** samkomuhús og skóli










**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágu mænisþaki, kjallari undir hluta

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir

**Þak** lágreist valmaþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Sveitarfélagið Hornafjörður

**Notkun** félagsheimili

**Heimildir** Unnur Kristjánsdóttir frá Lambleiksstöðum. Fundarhúsið. Skaftfellingur, 1992-8, s. 123-129.
Skólahús í Mýrahreppi, teikning GHÞ, 1935-03, húsameistari ríkisins, ÞÍ.

**Breytingar**

1935-38, tvílyft viðbygging með kennslustofu, eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar
1959-65, viðbygging eftir teikningu Guðmundar Guðjónssonar, f.h. húsameistara ríkisins

**Ástandsmat**

Hluti af þyrpingu Holtabæja, nokkuð upprunalegt, tæknilegt ástand gott.

**Aðrar upplýsingar**

Hreppurinn kostaði viðbygginguna 1938.
Í upphafi var spunastofa í kjallara viðbyggingarinnar (UK).

# Hrollaugsstaðir A. Skaft

## Samkomuhúsið að Hrollaugsstöðum
## Hrollaugsstaðir í Suðursveit, Sveitarfélaginu Hornafirði

**Byggingarár**
1943-45
**Skráð af**
AK 1803

**Hönnun**
**Byggjandi** Ungmennafélagið Vísir
**Upphafleg notkun**






**Húsform** steinsteypuhús með lágum mænisþökum, tvílyft að hluta
**Veggir** steinsteyptir, klæddir utan með málmplötum **Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Sveitarfélagið Hornafjörður

**Notkun** félagsheimili og gistiheimili

**Heimildir** Byggðasaga Borgarhafnarhrepps / skjöl Steindórs á Hala.
Sigurður Hannesson, 845-9525.
Þorsteinn Einarsson, skrá.

**Breytingar**

1952, núverandi félagsheimilishluti reistur sem íþróttahús skólans
1983, viðbygging og tengibygging eftir teikningu Sveins Ívarssonar arkitekts
Húsið einangrað að utan og klætt málmplötum

**Ástandsmat**
Hluti af byggðartorfu Kálfafellsstaðar og Jaðars.
Búið að breyta mikið með sambyggingum og endurinnréttingu.
Lítið eftir af upprunalegri mynd.

**Aðrar upplýsingar**
Aður í Borgarhafnarhreppi.
Í notkun sem skóli og félagsheimili þar til fyrir fáum árum.

# Múlakotsskóli

V. Skaft

Skólahús Múlakoti, Síðu
Múlakoti á Síðu, Skaftárheppi

**Byggingarár**
1909

**Skráð af**
SK 1901

**Hönnun**

**Byggjandi** hreppurinn

**Upphafleg notkun** barnaskóli






**Húsform** einlyft timburhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** timburveggir á lágum steinsökkli, klæddir utan með bárujárni

**Þak** lágreist mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Skaftárhreppur

**Notkun**

**Heimildir** Múlakotsskóli á Síðu fagnar 100 ára afmæli, Mbl. 20.10. 2009.
Skólahald í Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppi, Dynskógar, 124-133.
Skýrsla um skólahúsin í Vestur-Skaftafellssýslu, ÞI.
Skólarnir í Múlakoti og á Kálfafelli, *Sunnlenskar byggðir*, 6. b. *Skaftárþing,* 129-133.

**Breytingar**

Gluggar á skólastofu breyttir, til stendur að færa í upphaflegt horf

**Ástandsmat**

Friðað hús. Eitt síðasta skólahúsið byggt í kjölfar fræðslulaga 1907 sem enn er á upphaflegum stað og í nothæfu ásigkomulagi. Mjög upprunalegt, utan sem innan.

**Aðrar upplýsingar**

Friðað í B. flokki árið 1982.
Stendur á leigulóð, samningur rennur út 2010.

# Herjólfsstaðaskóli V. Skaft

Álftaversskóli

Herjólfsstöðum í Álftaveri, Skaftárheppi

**Byggingarár**
1916

**Skráð af**
PHA 1902

**Hönnun** stuðst við teikningu frá húsameistara

**Byggjandi** Álftaversskólahérað

**Upphafleg notkun** skóla- og fundarhús









**Húsform** einlyft timburhús með lágreistu mænisþaki

**Veggir** timburveggir á hlöðnum sökkli, klætt bárujárni utan, panilklætt inni

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni, bogahvelfing inni

**Eigandi** Skaftárhreppur

**Notkun** leigt út sem fundarhús og gistiaðstaða

**Heimildir** Gissur Jóhannesson, Herjólfsstöðum (sýndi hús og veitti upplýsingar).
Skýrsla um skólahúsin í Vestur-Skaftafellssýslu, ÞI.

**Breytingar**

1970, skólahaldi hætt í húsinu
1990, viðbyggingar og endurbætur

**Ástandsmat**

Hluti af bæjarhúsaþyrpingu Herjólfsstaða. Gamla húsið heldur upphaflegum svip þrátt fyrir viðbyggingar og endurbætur á síðari árum. Vel hirt og vel við haldið.

**Aðrar upplýsingar**

Upphaflega byggt upp úr eldra stúkuhúsi, sem byggt var 1903.
Það stóð fyrir neðan Kirkjubæjarklausturskirkju.
Keypt af hreppnum og efnið flutt að Herjólfsstöðum.
Teikningu húsameistara var ekki fylgt nákvæmlega, skv. skýrslu.
Húsgögn úr skólanum eru varðveitt í Byggðasafni á Skógum.

# Deildarárskóli V. Skaft

skóli í Hvammshreppi, Mýrdal
við Afréttisá á Höfðabrekkuafrétti, Mýrdalshreppi

**Byggingarár** 1904
**Hönnun**
**Byggjandi** Hvammsskólahérað
**Skráð af** PHA 1903
**Upphafleg notkun** skólahús






**Húsform** einlyft timburhús með lágu mænisþaki

**Veggir** timburveggir, klæddir bárujárni

**Þak** lágreist mænisþak, klætt bárujárni utan, panilklætt inni

**Eigandi** Ferðafélag Mýrdælinga

**Notkun** nýbyggingin verður skáli Ferðafélags Mýrdælinga

**Heimildir** Skýrsla um skólahúsin í Vestur-Skaftafellssýslu, ÞI.
Ferðafélag Mýrdælinga, Sigurður Hjálmarsson formaður (869-0170, viðtal 17.12).
http://gongur.blogcentral.is
Sigurjón Einarsson. Deildarárskóli. *Sunnlenskar byggðir*, *Skaftárþing 6. b.,* 454-455.

**Breytingar**

1909, forstofa byggð við kennslustofuna. Húsið taldist fullbúið
1959, skólinn lagður niður, húsið notað sem félagsheimili
1970, flutt inn á Höfðabrekkuafrétt og notað sem gangnamannakofi
Hreppurinn gaf Ferðafélaginu húsið til endurbyggingar
Húsið reyndist of illa farið til að hægt væri að endurbyggja það

**Ástandsmat**

Gamla húsið reyndist of illa farið til að hægt væri að endurnýta það. Nýtt hús með sama útliti byggt 50-100 m. ofar í brekkunni. Gamall panill endurnýttur í nýja húsinu.

**Aðrar upplýsingar**

Stóð upphaflega í stekkjartúni frá Skammadal, vestan Deildarár í Mýrdal.
Minnisvarði um skólann afhjúpaður 2.7. 2005 af fyrrverandi nemendum.

# Litla-Hvammsskóli



Skólinn í Litla-Hvammi

Byggðasafninu á Skógum, Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra

**Byggingarár**
1901/1903

**Skráð af**
JÞ 2001

**Hönnun** byggt í samráði við fræðslustjóra

**Byggjandi** Dyrhólahreppsskólahérað

**Upphafleg notkun** fundarhús og skóli









**Húsform** einlyft timburhús með lágreistu timburþaki, kennslustofa og fordyri

**Veggir** timburveggir á steyptum sökkli, klæddir bárujárni utan, panilklætt inni

**Þak** lágreist mænisþak úr timbri, klætt bárujárni, slétt panilloft inni

**Eigandi** Byggðasafnið á Skógum

**Notkun** safnhús með minjum um skólahald, hluti af sýningu Skógasafns

**Heimildir** Sigurjón Einarsson. Skólarnir í Litla-Hvammi og á Eystri-Sólheimum, *Sunnlenskar byggðir*, 6. b. *Skaftárþing,* 466-473 (gömul mynd).
Skýrsla um skólahúsin í Vestur-Skaftafellssýslu, ÞI.
Upplýsingatexti Skógasafns.

**Breytingar**

1903, flutt að Litla-Hvammi, Mýrdal
1908, forstofu bætt við skólastofuna, hún hækkuð og fjórir gluggar gerðir
1999-2000, flutt að Skógum og endurbyggt í upphaflegri mynd

**Ástandsmat**

Endurbyggt í upphaflegri mynd sem safnhús, best varðveitta dæmi um skólahús í sveit frá upphafi 20. aldar.

**Aðrar upplýsingar**

1901, byggt sem fundarhús á Vatnsskarðshólum, Mýrdal, V. Skaft.
1968 var hætt að nota húsið til kennslu.

# Dagsbrún

Rang

Félagsheimilið Dagsbrún

Skarðshlíð, Austur-Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra

**Byggingarár**
1927-8

**Skráð af**
JÞ 2002

**Hönnun**

**Byggjandi** Ungmennafélagið Eyfellingur

**Upphafleg notkun** samkomuhús, einnig notað til kennslu









**Húsform** einlyft steinhús með mænisþaki, 10 m x 7 m, útbygging 3 x 10 m

**Veggir** hlaðnir úr steypusteini á steyptri undirstöðu

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni, reituð hvelfing inni

**Eigandi** Ungmennafélagið Eyfellingur

**Notkun** í endurbyggingu

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir IV, 36-37 (eldri ljósmynd).
Dagsbrún öðlast nýtt líf. Mbl, 9.10. 2009.
Sigurgeir Ingólfsson, formaður Umf. Eyfellings, 893-8726.

**Breytingar**

Búið að einangra að utan og múrhúða, skipta út gluggum og hreinsa gólf innan úr húsinu

**Ástandsmat**

Mjög sérstakt byggingarlag, óvenjulegt gaflsnið, stendur fallega við þjóðveginn, salur með hvelfingu fallegt rými. Húsið  er í endurbyggingu.

**Aðrar upplýsingar**

Páll Zophaníasson hefur mælt húsið og teiknað.

# Yzti-Skáli Rang

Ysti-Skálaskóli

Ysta-Skála I, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárþingi eystra

**Byggingarár**
1912

**Skráð af**
JÞ 2003

**Hönnun**

**Byggjandi**

**Upphafleg notkun** skóli og fundarhús









**Húsform** steinsteypuhús, kjallari og hæð, 6 x 7 m að grunnfleti

**Veggir** steinsteyptir, einangraðir utan og klæddir málmplötum

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt málmplötum

**Eigandi** Sævar Sæmundsson

**Notkun** gestahús fyrir nærliggjandi sumarhús

**Heimildir** Sævar Sæmundsson rafvirki
Sunnlenskar byggðir IV, 130-131
Skýrslur um skólahús, ÞÍ

**Breytingar**

Stóð lengi autt, eftir að hreppurinn hætti að nota það.

**Ástandsmat**

Húsið er fellt fallega inn í landið, með aðkomu á báðum hæðum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað, einangrað að utan og klætt með trapisustáli, fátt minnir á upphaflega gerð.

**Aðrar upplýsingar**

Kennsla í Ásólfstaðasókn var í húsinu fram til 1950.

# Heimaland                                                            Rang

Sauðhúsvöllur

Sauðhúsvelli, Vestur-Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra

**Byggingarár**
1926-28

**Skráð af**
JÞ 2004

**Hönnun**

**Byggjandi** Ungmennafélagið Trausti

**Upphafleg notkun** þinghús









**Húsform** steinhús, einlyft með mænisþaki, viðbygging hæð og ris, samt.174 m2.

**Veggir** steinsteyptir, sléttpússaðir og málaðir, ein hlið er ópússuð en máluð

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Sigmar Sigurðsson bóndi, Sauðhúsvöllum

**Notkun** véla- og áhaldageymsla

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir IV, 124-125.
Sigmar Sigurðsson, viðtal 27.12.2009.

**Breytingar**

1936, viðbygging, hæð og ris.
einlyft viðbygging úr JL vikursteini, pússuð.

**Ástandsmat**

Samkomuhús með gaflsniði, veggir steyptir upp fyrir þak. Heillegt að sjá að utan og upprunalegt. Viðbygging úr vikursteini er orðin léleg.

**Aðrar upplýsingar**

Aldrei var skóli í húsinu, að sögn Sigmars.
Heimaland var stærsta samkomuhús sýslunnar árið 1928.

# Fljótshlíðarskóli Rang

## Húsið, Gistiheimilið Húsið

## við þjóðveginn í nágrenni Kirkjulækjar í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra

**Byggingarár**
1929

**Skráð af**
PHA 2005

**Hönnun** Einar Erlendsson, f.h. húsameistara ríkisins

**Byggjandi** Fljótshlíðarhreppur

**Upphafleg notkun** skóli, samkomuhús, póst- og símstöð, kennaraíbúð









**Húsform** steinsteypuhús, ein hæð og hátt ris

**Veggir** steinsteyptir, einangraðir og klæddir málmplötum utan, panill inni

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** GLÓB (Hinrik Þorsteinsson)

**Notkun** gistiheimilið Húsið

**Heimildir** Skýrsla um verklegar framkvæmdir, 84 (gömul mynd).
Gistiheimilið Húsið, Hinrik Þorsteinsson (viðtal 16.12.09) 487-8448.
Sunnlenskar byggðir IV, 375.

**Breytingar**

1982-83. Endurbyggt eftir bruna
Byggð hefur verið forstofa við vesturgafl og sólskáli við austurgafl
Gluggar endurnýjaðir, húsið klætt utan og einangrað með málmplötum

**Ástandsmat**

Núverandi eigendur endurbyggðu húsið eftir bruna. Reynt var að taka tillit til upprunalegrar gerðar hússins, endurnýttu m.a. upphaflegan panil og annað efni.

**Aðrar upplýsingar**

1971 (janúar) aflagt sem skóli í kjölfar bruna vegna eldingar.
Húsið stóð autt um árabil og stóð til að rífa það.
1982-3, núverandi eigendur kaupa húsið og hefja endurbyggingu.
Í húsinu var rekið fyrsta gistihús í Fljótshlíð (sjá ritgerð Sigríðar Hjartar).
Samkomuhúsið Goðaland byggt 1948, handan vegarins.

# Hvolsskóli Rang

Gamli barnaskólinn á Hvolsvelli, Gistiheimilið Ásgarður
Stórólfshvoli (við Hvolsvöll), Rangárþingi eystra

**Byggingarár**
1927

**Hönnun**

**Byggjandi**

**Skráð af**
PHA 2006

**Upphafleg notkun** barnaskóli









**Húsform** einlyft timburhús með háu risi

**Veggir** timburveggir á steyptum sökkli, klæddir bárujárni utan

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Reiðskólinn Ferill

**Notkun** gistiheimili og veitingaaðstaða

**Heimildir** Sigríður Þorsteinsdóttir, gistiheimilinu Ásgarði, 487-1440, 896-1248

**Breytingar**

Ýmsar útlitsbreytingar í tengslum við endurbyggingu

**Ástandsmat**

Heillegt skólahús, þokkalega við haldið. Útflúraðar vindskeiðar og gluggaumgjarðir nokkuð ýktar miðað við tímabil hússins, sem reist var 1927.

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Hvolhreppi. Erlendur Magnússon smíðakennari keypti skólahúsið og gerði upp eftir að skólahald þar lagðist af.
Núverandi eigendur keyptu húsið 2007-8.

# Standarskóli

Rang

## Golfskáli Strandarvallar

Strönd, Rangárvöllum, Rangárþingi ytra

**Byggingarár**
1933

**Skráð af**
PHA 2007

**Hönnun** Einar Erlendsson, Guðmundur H. Þorláksson

**Byggjandi** Rangárvallahreppur

**Upphafleg notkun** heimavistarskóli









**Húsform** tvílyft steinsteypuhús með lágreistu valmaþaki

**Veggir** steinsteyptir, klæddir utan með sléttum málmplötum

**Þak** timburþak, klætt bárujárni

**Eigandi** Golfklúbbur Hellu

**Notkun** golfskáli Strandarvallar

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir V, 85.
Golfklúbbur Hellu, s. 487-8208.

**Breytingar**

Viðamiklar breytingar þegar húsinu var breytt í golfskála
Viðbygging við austurgafl, húsið klætt utan og gluggum skipt út

**Ástandsmat**

Athyglisvert dæmi um skólahús frá fyrstu árum funksjónalisma, Teiknað af Guðmundi H. Þorlákssyni f.h. Húsameistara ríkisins. Nýlegar breytingar taka lítið mið af upphaflegum stíl.

**Aðrar upplýsingar**

Byggt sem heimavistarbarnaskóli, sem starfaði til ársins 1970.

# Þingborg — Árn

## Barnaskólinn að Þingborg, Þingborg ullarvinnsla
## Þingborg, við þjóðveginn á móts við Skeggjastaði, Flóahreppi

**Byggingarár**
1927 / 1934

**Skráð af**
PHA 2101

**Hönnun** Einar Erlendsson, f.h. húsameistara ríkisins (viðbygging)

**Byggjandi** Hraungerðishreppur

**Upphafleg notkun** barnaskóli, þinghús og félagsheimili sveitarinnar









**Húsform** steinsteypuhús, tvær álmur með mænisþaki, kjallari undir skólaálmu

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir utan, panilklæddir innan í sal

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni, slétt panilloft í sal

**Eigandi** Ríkið og Flóahreppur

**Notkun** ullarvinnsla og verslun með íslenskt handverk

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir II, 432-433.
www.floahreppur.is
http://www.thingborg.net

**Breytingar**

1934, viðbygging fyrir heimavistarskóla, teiknuð af Einari Erlendssyni, f.h. húsameistara ríkisins

**Ástandsmat**

Unnið er að endurbótum á ytra byrði hússins. Það hefur haldið upprunalegum einkennum utan húss sem innan. Stendur við þjóðveg 1, skammt frá nýlegu samkomuhúsi með sama nafni.

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Hraungerðishreppi. Sigurgeir Illugason frá Laugum, Hraungerðishreppi, er talinn hafa smíðað húsið.
Nýtt félagsheimili, Þingborg tekið í notkun 1992.
Ullarvinnslan hefur haft húsið til afnota síðan 1990.

# Skeiðaskóli Árn

Brautarholtsskóli (1988)

Brautarholti (úr landi Húsatófta), Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Byggingarár**
1933
**Skráð af**
OM 2102

**Hönnun** Einar Erlendsson, Guðmundur H. Þorláksson
**Byggjandi** Skeiðahreppur
**Upphafleg notkun** skóli og samkomuhús, heimavist og kennaraíbúð









**Húsform** tvílyft steinsteypubygging með valmaþaki, byggð í vinkil

**Veggir** steinsteyptir, einangraðir utan, ný múrkápa

**Þak** valmaþak úr timbri klætt bárujárni

**Eigandi** Skeiða- og Gnúpverjahreppur

**Notkun** leikskóli

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir II, 448-449.
http://www.thjorsarskoli.is
Helgi Elíasson. Heimavistarskólar. Menntamál 7:1931, 143-145.
Erindi Eiríks Jónssonar, flutt við vígslu skólans. Menntamál 7:1931, s. 146-155.

**Breytingar**

Leikfimi- og samkomuálma frá 1933 var rifin og nýbygging reist í staðinn.

**Ástandsmat**

Önnur upphaflega álman horfin, viðbyggingar reistar í hennar stað sem taka mismikið tillit til gamla hússins. Uppphaflegan frágang má finna víða í gamla húsinu.

**Aðrar upplýsingar**

Áður í Skeiðahreppi.
Skólinn vígður 16.12.1933. Þá talinn fullkomnasti heimavistarskóli landsins.

# Ásaskóli Árn

í landi Ása, á eyrum Kálfár, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**Byggingarár**
1923 / 1935

**Skráð af**
OM 2103

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson (viðbygging)

**Byggjandi** Gnúpverjahreppur

**Upphafleg notkun** heimavistarskóli og samkomuhús









**Húsform** steinsteyptur kjallari, hæð úr timbri með lágu mænisþaki

**Veggir** timburveggir (eldri hluti) og steyptir veggir, klæddir lituðu bárustáli

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Stefán Guðmundsson og Katrín Sigurðardóttir (486-6047)

**Notkun** íbúðarhús

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir II, 343 (gömul mynd).
http://is.wikipedia.org/wiki/Ásaskóli

**Breytingar**

1935, viðbygging úr steinsteypu, íþrótta- og samkomusalur
Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu á síðustu árum, arkitekt: Sigríður Sigþórsdóttir, Basalt arkitektar

**Ástandsmat**

Húsið hefur verið aðlagað nýju hlutverki með breytingum, steypt salarálma klædd lituðu bárustáli og gluggar samræmdir eldri hluta úr timbri. Upprunalegar klæðingar eru víða inni í húsinu. Til stendur að breyta innréttingum skólahússins.

**Aðrar upplýsingar**

Elsti heimavistarbarnaskóli landsins, byggður 1923. Á lofti skólans var heimavistin og vistarverur barnanna. Á neðri hæð voru eldhús, skólastofur og salur. Úti er stór flöt og áhorfendapallar í brekku. Kennsla flutt í Gnúpverjaskóla 1986. Til er teikning af skóla í Gnúpverjahreppi eftir Guðjón Samúelsson, 1923-04, sem ekki var notuð.

# Barnaskólinn í Reykholti

Árn

Reykholtsskóli

Reykholti (úr landi Stóra-Fljóts) í Biskupstungum, Bláskógabyggð

**Byggingarár**
1928

**Skráð af**
OM 2104

**Hönnun** Einar Erlendsson, f.h. húsameistara ríkisins

**Byggjandi** Biskupstungnahreppur

**Upphafleg notkun** heimavistarbarnaskóli









**Húsform** steinsteypuhús, hæð, kjallari og hátt ris

**Veggir** steinsteyptir

**Þak** bratt mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Bláskógabyggð

**Notkun** Leikskólinn Álfaborg

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir II, 161.
http://alfaborg.blaskogabyggd.is/
Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007, síðara bindi, 49. (mynd)

**Breytingar**

1930, lokið við steypta sundlaug við hlið skólans
1989, gamla skólanum breytt í leikskóla
Ýmsar viðbyggingar

**Ástandsmat**

Upphaflegt húsform greinilegt þrátt fyrir viðbyggingar. Gluggum hefur verið breytt og útveggir klæddir með steniplötum. Mikið breytt að innan, þó má finna leifar af upphaflegum frágangi.

**Aðrar upplýsingar**

Annað skólahús reist skammt frá árið 1957.
Upphaflega var steinsteypt sundlaug við hlið gamla skólahússins.

# Samkomuhúsið Borg Árn

## Gamla Borg

Minni Borg, Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi

**Byggingarár**
1929

**Skráð af**
OM 2105

**Hönnun** Þorleifur Eyjólfsson

**Byggjandi** Ungmennafélagið Hvöt

**Upphafleg notkun** þinghús og skóli










**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágreistu mænisþaki, kjallari undir sviði

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir utan, panilklæddir inni

**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni, panilklædd hvelfing

**Eigandi**

**Notkun** kaffihús, veislu- og fundarsalur

**Heimildir** Sunnlenskar byggðir III, 97-99.
Lísa Thomsen, Búrfelli Grímsnesi, 482-2670.
www.gamlaborg.is / s. 486-4550, gsm 863-8814.

**Breytingar**

Var aflagt sem samkomuhús eftir 1966, m.a. notað sem bílaverkstæði
Var í mikilli niðurníðslu, stóð til að rífa
Að frumkvæði nokkurra aðila var komið í veg fyrir það og var húsið endurbyggt í framhaldi

**Ástandsmat**

Mjög vel varðveitt hús, nýlega uppgert á vandaðan hátt, utan sem innan. Afar formfagurt og heilsteypt verk í listrænu tilliti, hefur sérstakt gildi sem verk arkitektsins Þorleifs Eyjólfssonar.

**Aðrar upplýsingar**

Árið 1931 létust skólastjórahjónin úr taugaveiki, fólk hræddist húsið í kjölfarið og öll félagsstarfsemi datt niður. Hreppurinn tók húsið að sér.
Nýtt samkomuhús vígt 1966.

# Kirkjuhvoll Gull

upp af Halldórsstöðum, Hlöðversneshverfi, Sveitarfélaginu Vogum

**Byggingarár**
1932
**Skráð af**
PHA 2201

**Hönnun**

**Byggjandi** Kvenfélagið Fjóla og Ungmennafélagið Þróttur

**Upphafleg notkun** samkomuhús ungmenna- og kvenfélags







*Kirkjuhvoll, (líkan).*

**Húsform** einlyft steinsteypuhús með lágu mænisþaki

**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir utan **Þak**

**Eigandi**

**Notkun** geymsla

**Heimildir** Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 381-382.

**Breytingar**

Aflagt sem samkomuhús

**Ástandsmat**

Húsið er mjög hrörlegt, en vel hægt að bjarga því frá eyðileggingu.

**Aðrar upplýsingar**

Húsið var vígt á annan dag jóla árið 1933. Á árunum 1937-40 var unglingaskóli starfræktur í húsinu. Samkomuhúsið Glaðheimar í Vogum tók við hlutverki Kirkjuhvols, þegar það fullnægði ekki lengur kröfum tímans.

# Norðurkot Gull

## við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd, Sveitarfélaginu Vogum

**Byggingarár**
1903
**Skráð af**
PHA 2202

**Hönnun** Ólafur Erlendsson yfirsmiður
**Byggjandi** skólanefnd og hreppurinn
**Upphafleg notkun** skólahús innstrendinga









**Húsform** timburhús á steyptum kjallara, hæð og portris
**Veggir** timburveggir klæddir bárujárni utan, panilklæddir innan
**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni
**Eigandi**
**Notkun** í viðgerð
**Heimildir** Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 312-313, 373-376.

**Breytingar**

Varð íbúðarhús árið 1911
Flutt frá Norðurkoti að Kálfatjörn, sett á nýjan grunn og endurbyggt

**Ástandsmat**

Mjög upprunalegt og fallegt hús
Verið er að gera það upp á nýjum stað á vandaðan hátt
Viðgerð lokið að utan, verið að lagfæra að innan

**Aðrar upplýsingar**

Neðri hæðin var ætluð til kennslu en risið hugsað sem íbúð til leigu.
Barnakennsla aflögð í Norðurkoti árið 1910.
Húsið selt og það allt leigt sem íbúðarhús.

# Garðaholt Gull

## Félagsheimilið Garðaholt
## Garðaholti, Garðahverfi (á Álftanesi), Garðabæ

**Byggingarár**
1909
**Skráð af**
PHA 2203

**Hönnun**
**Byggjandi** Garðahreppur
**Upphafleg notkun** skóli og þinghús Garðahrepps






**Húsform** timburhús á steyptum kjallara, hæð og ris
**Veggir** timburveggir klæddir bárujárni utan
**Þak** mænisþök úr timbri, klædd bárujárni

**Eigandi**

**Notkun** samkomuhús

**Heimildir** Garðabær, byggð milli hrauns og hlíða, 64-67.
Ágrip af skólasögu Garðabæjar (www.flataskoli.is).
Garðahverfi, Fornleifaskráning.

**Breytingar**

1956, húsið stækkað og því breytt í samkomuhús hreppsbúa
Kvenfélag Garðahrepps stóð fyrir endurbótunum í samvinnu við hreppinn

**Ástandsmat**
Húsinu hefur verið mikið breytt í tímans rás, en með virðingu fyrir stílgerð eldri timburhúsa. Hluti af einstæðu búsetulandslagi Garðahverfis. Vel við haldið og í góðu tæknilegu ástandi.

**Aðrar upplýsingar**
Skólahald í Garðahreppi fellt niður árið 1947.
Húsið stækkað og vígt sem samkomuhús 24. mars 1956.

# Bjarnastaðaskóli                                                    Gull

## Bjarnastöðum (við Bakkaveg), Sveitarfélaginu Álftanesi

**Byggingarár**
1914
**Skráð af**
PHA 2204

**Hönnun** Einar Erlendsson, f.h. Rögnvalds Ólafssonar
**Byggjandi** hreppurinn
**Upphafleg notkun** barnaskóli, íbúð skólastjóra og fundarhús sveitarinnar









**Húsform** steinsteypuhús, hæð og portbyggt ris
**Veggir** steinsteyptir, sléttmúraðir og málaðir
**Þak** mænisþak úr timbri, klætt bárujárni

**Eigandi** Sveitarfélagið Álftanes

**Notkun** skrifstofur Sveitarfélagsins Álftaness

**Heimildir** Álftaness saga, 214-217 (mynd og teikning).
Barnaskóli á Bjarnastöðum, teikning Einars Erlendssonar, 1914-06. Þí.

**Breytingar**

Breytt úr skólahúsi í hreppsskrifstofur, innréttingar fjarlægðar, herbergjaskipan og stigatengingu milli hæða gerbreytt
Nýtt anddyri og kvistur á norðurhlið, arkitekt Guðni Pálsson
Gluggar endursmíðaðir í upphaflegri mynd, arkitektar: ARGOS

**Ástandsmat**

Reisulegt hús, stendur fallega á opnu svæði. Heillegt að utan, gluggar hafa verið endurgerðir á vandaðan hátt. Mikið breytt að innan, fátt minnir á upphaflega gerð. Tæknilegt ástand gott.

**Aðrar upplýsingar**

Aflagt sem skólahús 1978, er Álftanesskóli tók til starfa.

# F U N D A R H Ú S  O G  S K Ó L A R
## TEIKNINGAR EFTIR RÖGNVALD Á. ÓLAFSSON OG EINAR ERLENDSSON 1909-1917

| UPPDRÁTTUR / SKÓLAHÚS | DAGS. | UNDIRSKRIFT | ATHS |
|---|---|---|---|
| Barnaskóli, Flatey, Breiðafirði | 1909 | teikningu vantar | rifinn 1992 |
| Barnaskóli, Vík í Mýrdal, 20 börn | 1910 | teikningu vantar | horfinn |
| Barnaskóli, Brennistöðum, Mýrarsýslu | 1910 | heimild SÞ | óvíst / hluti félagsheimilis |
| Barnaskóli fyrir 24 börn (Hvolhreppi) | 1911 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli Ölfushreppi, Árnessýslu (Kotströnd) | 1911 | EEr f.h. RAO | óvíst hvort byggður / horfinn |
| Barnaskóli Auðkúluhreppi, Ísafjarðarsýslu | 1911-01 | EEr f.h. RAO | óvíst hvort byggður / horfinn |
| Barnaskóli, Höfnum | 1911-04 | EEr f.h. RAO | ekki byggður sbr. Byggðasögu |
| Barnaskóli með heimavist fyrir 14 börn | 1911-06 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli fyrir 14 börn | 1911-06 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli fyrir 10 börn | 1911-10 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli fyrir 15 börn | 1911-12 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli í Biskupstungum | 1912 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli í Fellshreppi, Skagafirði | 1912-05 | RAO | stendur enn, búið að breyta / viðbygging |
| Barnaskóli, Járngerðarstaðahverfi, Grindavík | 1912-05 | EEr f.h. RAO | horfinn |
| Barnaskóli, Þórkötlustaðahverfi, Grindavík | 1912-05 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli á Eyrarbakka | 1912-09 | EEr f.h. RAO | stendur enn, búið að byggja við |
| Barnaskóli fyrir 10 börn | 1912-10 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli fyrir 20 börn | 1912-10 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli, Borgarnesi | 1913 | RAO | stendur enn með viðbyggingum |
| Barnaskóli í Hofshreppi, Skagafirði | 1913-03 | RAO | óvíst hvort byggður |
| Barnaskóli Lundareykjadal | 1913-03 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Skólahús Hólmavík | 1913-03 | RAO | stendur enn / heillegt |
| Skólahús í Stafholtstungum [Hlöðutúnsholti] | 1913-03 | RAO | 2 teikningar /rifið 1986 |
| Skólahús fyrir 2x12 börn | 1913-05 | EEr f.h. RAO | almenn tillaga |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barnaskóli í Sveinsstaðahreppi | 1913-05 | EEr f.h. RAO | óljóst / húsið frábrugðið teikningu |
| Barnaskóli, Ingjaldssandi | 1914-02 | án undirskr. | ekki byggður |
| Barnaskóli, 1 skólastofa | 1914-02 | RAO | almenn tillaga |
| Barnaskóli í Þykkvabæ, Skaftafellssýslu | 1914-03 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli á Hábæ í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu | 1914-04 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli með leikfimihúsi í Hafnarfirði | 1914-04 | EEr f.h. RAO | horfinn |
| Barnaskóli á Hvammstanga, viðbygging | 1914-06 | EEr f.h. RAO | horfinn |
| Barnaskóli á Bjarnastöðum á Álftanesi | 1914-06 | EEr f.h. RAO | stendur enn, lítið breytt utan |
| Barnaskóli í Ólafsfirði | 1915-01 | EEr f.h. RAO | ekki byggður eftir teikningu |
| Barnaskóli í Ljósavatnshreppi | 1915-02 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli Þverárhreppi (Ósum) [Miðnesi, V.Hún] | 1915-03 | EEr f.h. RAO | óvíst hvort byggður |
| Fundarhús að Skildi, Helgafellssveit, viðbygging | 1915-06 | EEr f.h. RAO | viðbygging við eldra hús / horfið |
| Barnaskóli í Eyrarsveit fyrir 15 börn | 1915-06 | EEr f.h. RAO | ekki byggður sbr. Byggðasögu |
| Barnaskóli í Mjóafirði | 1915-08 | EEr f.h. RAO | óvíst hvort byggt e. teikningu / horfinn |
| Barnaskóli Vestmannaeyjum | 1916-01 | EEr f.h. RAO | stendur enn með viðbyggingum |
| Barnaskóli í Bárðardal | 1916-02 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli Óslandshlíðarhreppi, 15 börn | 1916-02 | EEr f.h. RAO | ekki byggður |
| Barnaskóli Reyðarfirði | 1916-03 | EEr f.h. RAO | óvíst hvort byggt e. teikningu |
| Barnaskóli á Skútustöðum, viðbót við fundarhús | 1917-01 | EEr f.h. RAO | horfinn |
| Barnaskóli, Kirkjubæjarklaustri, 20 börn | 1917-04 | EEr | byggður úr timbri / horfinn |
| Barnaskóli í Grýtubakkahreppi, S. Þingeyjarsýslu | án dags. | án undirskr. | ekki byggt eftir teikningu |
| Barnaskóli, Siglufirði | | teikningu vantar | stendur enn með viðbyggingum |



1911
Barnaskóli í Ölfushrepp
Árnessýslu
Kotströnd (?)

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson



1912-03
Barnaskóli í Fellshreppi
Skagafirði
(Skálárskóli)

Rögnvaldur Á. Ólafsson




1913-03
Barnaskóli
Lundarreykjadal
Borgarfirði

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson




1913-03
Skólahús
Stafholtstungum
Mýrasýslu

Rögnvaldur Á. Ólafsson

1911-12
Barnaskóli fyrir 15 börn

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson




1911-10
Barnaskóli fyrir 24 börn

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson






1915-03
Barnaskóli í Þverárhrepp
Ósum
V. Húnavatnssýslu

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson




1915-06
Barnaskóli í Eyrarsveit
(Grundarfirði)
Snæfellsnesi

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson

1913-03
Skólahús Hólmavík

Rögnvaldur Á. Ólafsson




1914-06
Barnaskóli á
Bjarnastöðum á
Álftanesi

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson



1914-04
Barnaskóli í Þykkvabæ
Rangárvallasýslu

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson




1914-03
Barnaskóli í Þykkvabæ
V. Skaftafellssýslu

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson





Án dags.
Barnaskóli í
Grýtubakkahreppi
S. Þingeyjarsýslu

undirskrift horfin




1915-02
Barnaskóli í
Ljósavatnshreppi
S. Þingeyjarsýslu

Einar Erlendsson (f.h.)
Rögnvaldur Á. Ólafsson




1917-04
Barnaskóli f. 20 börn
Kirkjubæjarklaustri
V. Skaftafellssýslu

Einar Erlendsson




1918-02
Heimvistar barnaskóli
f. 20 börn

Einar Erlendsson




1921 ca
Skólahús í
Ólafsgerði
(Kelduhverfi ?)

undirskrift horfin




1923-04
Heimavistarbarnaskóli
Árnesi, Gnúpverjahreppi
Árnessýslu

Guðjón Samúelsson

1920-24 ca
Skólahús fyrir
Seyðisfjarðarhrepp
(Hánefsstöðum)
N. Múlasýslu

undirskrift vantar




1926-10
Barnaskólahús
í Grafningshreppi
Á (Stóra-Hólmi) eða
Torfastöðum

Einar Erlendsson



1925-12
Barnaskóli í Flatey
á Skjálfanda
S. Þingeyjarsýslu

Einar Erlendsson




1926-09
Skólahús í Arnarfirði
V. Ísafjarðarsýslu

Einar Erlendsson



1927-11
Barnaskóli á Sæbóli
á Sléttu (Aðalvík)
Sléttuhreppi
N. ísafjarðarsýslu

Einar Erlendsson




1926-08
Barnaskóli í
Eyrarsveit
(Grundarfirði)
Snæfellsnesi

Einar Erlendsson



1927-11
Barnaskóli í
Þverárhlíðarhreppi
Mýrasýslu

Einar Erlendsson




1917-11
Barnaskóli í Norðurárdal
(Dalsmynni)
Mýrasýslu

Einar Erlendsson



1928-04
Barnaskólahús í
Presthólahreppi
(Snartarstöðum,
Núpasveit)
N. Þingeyjarsýslu

Einar Erlendsson




1928-06
Barnaskóli í Viðey
(Sundbakka)
Kjósarsýslu

Einar Erlendsson



1929-02
Heimavistarbarnaskóli
og samkomuhús að
Brúarlandi í Mosfellssveit

Einar Erlendsson
Guðmundur H. Þorláksson




1930-05
Skóli í Norðfjarðarhreppi
(Kirkjumel, Norðfirði)
S. Múlasýslu

Einar Erlendsson



1932-05
Barnaskóli í
Leiðvallaskólahéraði
Mýrdal
V. Skaftafellssýslu

Einar Erlendsson
Guðmundur H. Þorláksson




1942-03
Barnaskóli
3 kennslustofur

Bárður ísleifsson



**GLÁMA–KÍM ARKITEKTAR LAUGAVEGI 164 EHF**
FUNDARHÚS OG SKÓLAR Í SVEITUM FRÁ FYRRI HLUTA 20. ALDAR

## HEIMILDASKRÁ

Anna Ólafsdóttir Björnsson*. Álftaness saga: Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir* (Reykjavík, 1996).

Arinbjörn Vilhjálmsson. *Húsakönnun Hólmavíkur* [handrit í vörslu Húsafriðunarnefndar] (Hólmavík og Reykjavík, 1997-2000).

*Árnessýsla I, Hrunamenn, Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890,* ritstjóri Þorsteinn Jónsson (Reykjavík, 1999).

Bjarni Guðmundsson. Haukadalsskólinn. *Ársrit Sögufélags Íslendinga* (Ísafirði, 1984).

*Byggðasaga Skagafjarðar*, ritstjóri Hjalti Pálsson (Sauðárkróki 2001 [1. bindi], 2004 [3. bindi], 2007 [4. bindi]).

*Byggðir Borgarfjarðar* [2. og 3. bindi], ritnefnd: Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson, Þorsteinn Guðmundsson (Reykjavík, 1989).

*Byggðir Eyjafjarðar 1990* [2 bindi], ritnefnd: Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason og Kristján Sigfússon (Akureyri, 1993).

*Byggðir og bú: Aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum* (Akureyri, 1963).

*Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*, ritnefnd: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson (Húsavík, 1986).

Eiríkur Jónsson. Erindi flutt við vígslu heimavistarbarnaskólans að Brautarholti á Skeiðum, 16. des. 1933. *Menntamál* 7:1931, bls. 146–155.

*Félagsheimili: leiðbeiningar um bygging þeirra og rekstur* (Reykjavík, 1950).

Friðrik Guðni Þorleifsson. *Hundrað ár í Horninu, saga Ólafsfjarðar 1893-1944 II* (Ólafsfirði, 1988).

Guðjón Ó. Guðjónsson. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu I-III* (Reykjavík 1971-76).

Guðmundur Finnbogason. *Skýrsla um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903–1904* (Reykjavík, 1905).

Guðmundur B. Jónsson. *Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi* (Hafnarfirði, 1987).

Halldór Sölvason. *Skýrsla um skólahúsin í Vestur-Skaftafellssýslu* (Mýrdal, 1932). ÞI Mrn. Fræðslumálaskr. 1976-B/95/5.

Hallgrímur Sveinsson. *Barnaskóli á Þingeyri í Dýrafirði í 100 ár* (Hrafnseyri, 1998).

Helgi Elíasson. Skólahús í Sveitum. *Menntamál* 5:1931, s. 113–120.

Helgi Elíasson. Heimavistarskólar. *Menntamál* 7:1931, s. 143–145.

Helgi Hallgrímsson [ritstjóri]. *Fellamannabók* 1 (Fellahreppi, 1991).

Heimir Þorleifsson. *Seltirningabók* (Seltjarnarnesi, 1991).

*Holtamannabók II: Ásahreppur,* ritnefnd: Valgeir Sigurðsson, Ragnar Böðvarsson og Þorgils Jónasson (Hellu, 2007).

*Húnaþing I*, ritnefnd Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson (Akureyri, 1975).

*Íslensku byggingarlistarverðlaunin 2007.* Arkitektafélag Íslands (Reykjavík, 2007).

Jóhannes Bjarnason. *Fagurt er í Fjörðum: þættir Flateyinga og Fjörðunga* (Akureyri, 1982).

Jón M. Ívarsson. *Spor Ungmennafélaga: Samkomuhús og félagsheimili* [ritgerð til B.A. prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands] (Reykjavík, 2006).

Jón M. Ívarsson. *Vormenn Íslands: Saga UMFÍ í 100 ár* (Reykjavík, 2007).

Jón Sigurðsson. *Sigurður í Ystafelli og samtíðarmenn* (Reykjavík, 1965).

Jón Þ. Þór. *Hafnir á Reykjanesi: Saga mannlífs og byggðar í ellefu hundruð ár* (Reykjanesbæ, 2003).

Jón Þ. Þór, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. *Saga Grindavíkur 1800-1974* (Grindavík, 1996).

Kristinn Gíslason. Gísli R. Bjarnason, Hesteyri. *Faðir minn – kennarinn, 11-29* (1983).

Kristinn Kristmundsson. *Sléttuhreppur: fyrrum Aðalvíkursveit: byggð og búendur* (Reykjavík, 1971).

Kristmundur Bjarnason. *Skagfirskur annáll 1847–1947* (útgáfustaður ótilgreindur,1998).

*Land og fólk: Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, ritnefnd: Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson (Akureyri, 1985).

*Land og fólk: Byggðasaga Norður-Þingeyinga*, ritnefnd: Þórarinn Þórarinsson, Kristín Kristjánsdóttir og Brynjar Halldórsson, ritstjóri: Runólfur Eleníusson (Reykjavík, 2003).

Loftur Guttormsson [ritstjóri]. *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (Reykjavík, 2008).

Loftur Guttormsson [ritstjóri]. *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Skóli fyrir alla 1946-2007* (Reykjavík, 2008).

Lýður Björnsson. *Strandir 2* (Búnaðarsamband Strandamanna, 1985).

Magnús H. Helgason [ritstjóri]. *Saga Borgarfjarðar eystra* (Borgarfirði eystra, 1995).

Ragnar Karlsson, Jón Jónsson. *Garðabær, byggð milli hrauns og hlíða / safn til sögu Garðabæjar* (Garðabær, 1992).

*Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927–1930*. Atvinnumálaráðuneytið (Reykjavík 1931).

Sigurjón Einarsson. *Sunnlenskar byggðir* [ritnefnd Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson, Júlíus Jónsson. 6 : Skaftárþing / Björgvin Salómonsson bjó undir prentun]. (Selfossi, 1985)

Snorri Þorsteinsson. *Barna- og unglingafræðsla í Mýrasýslu 1880–2007* (Akranes, 2009).

*Sveitir og jarðar í Múlaþingi, V. bindi,* ritnefnd: Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon, Þorsteinn Bergsson (Egilsstaðir, 1995).

Torfi Guðbrandsson. *Strandamaður segir frá: Endurminningar II* (Hrafnseyri, 2001).

Þorsteinn Geirsson. *Gamla hugljúfa sveit: af mönnum og málefnum í Austur-Skaftafellssýslu* (Þorsteinn Geirsson, 2007).

Þorsteinn Guðmundsson. Byggðasaga Borgarhafnarhrepps. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, 3. bindi* (Reykjavík 1971–76).

Þorsteinn Einarsson. *Skrá yfir heimilisföng félagsheimila, nafn þeirra, byggingartíma, rúmtak og hönnuði* (ljósrit, 1983).

Þorsteinn Jónsson [ritstjóri]. *Eylenda: mannlíf í Flateyjarhreppi á Breiðafirði*: 1.b.: Ábúendur og þjóðlífsþættir (Reykjavík, 1996).

## HEIMILDARMENN

Bergur Þorsteinsson, Reykjavík

Birna Hjaltalín Pálsdóttir, Bolungarvík (Hesteyri)

Elísa Valgeirsdóttir, Finnbogastaðaskóla, Árneshreppi

Gissur Jóhannesson, Herjólfsstöðum Álftaveri

Guðmundur L. Hafsteinsson, Reykjavík

Guðrún Jónsdóttir, Borgarnesi

Hinrik Þorsteinsson, Hreiðrinu, Fljótshlíð

Hjalti Pálsson, Skagafirði

Hrólfur Vagnsson, Bolungarvík (Hesteyri)

Lýður Pálsson, Byggðasafni Árnesinga, Eyrarbakka

Jón Ólafsson, Hafnarfirði (Lundargerði)

Jón J. Ívarsson, Reykjavík

Jón Torfason, Reykjavík

Kristján Hjartarson, Tjörn Svarfaðardal

Loftur Guttormsson, Reykjavík

Nikulás Úlfar Másson, Húsafriðunarnefnd, Reykjavík

Níels Hafstein, Svalbarðsströnd

Óskar Gunnarsson, Dæli, Svarfaðardal

Sigríður Parmesdóttir, Hallbjarnarstöðum, Tjörnesi

Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga

Sigríður Þorsteinsdóttir, Stórólfshvoli

Sigrún Kristjánsdóttir, Safnahúsinu Húsavík

Sigurður Bjarklind, Akureyri

Símon Gestsson, Barði, Fljótum

Þorleifur Ingvarsson, Húnavatnshreppi

Þórarinn Þórarinsson, Vogum, Kelduhverfi

Þórður Tómasson, Skógasafni